









ÁRSSKÝRSLA 2017



SAMBANDSAÐILAR ÍSÍ

Íþróttahéruð ÍSÍ

	Héraðssambandið Hrafna-Flóki
	Héraðssamband Bolungarvíkur
	Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
	Héraðssambandið Skarphéðinn
	Héraðssamband Stradamanna
	Héraðssamband Vestfirðinga
	Héraðssamband Þingeyinga
	Íþróttabandalag Akraness
	Íþróttabandalag Akureyrar
	Íþróttabandalag Hafnarfjarðar
	Íþróttabandalag Reykjanessbæjar
	Íþróttabandalag Reykjavíkur
	Íþróttabandalag Vestmannaeyja
	Íþróttabandalag Suðurnesja
	Ungmennasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga
	Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands
	Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar
	Ungmennasamband Borgarfjarðar
	Ungmennasamband Eyjafjarðar
	Ungmennasamband Kjalarnessþings
	Ungmennasamband Skagafjarðar
	Ungmennasamband A-Húnavetninga
	Ungmennasambandið Úlflijótur
	Ungmennasamband V-Húnavetninga
	Ungmennasamband V-Skaftafellssýslu

Sér sambönd ÍSÍ

	Akstursíþróttasamband Ísland
	Badminton samband Ísland
	Blaksamband Íslands
	Borðtennissamband Íslands
	Dansíþróttasamband Íslands
	Fimleikasamband Íslands
	Frjálsíþróttasamband Íslands
	Glímusamband Íslands
	Golfsamband Íslands
	Handknattleikssamband Íslands
	Hjólreiðasamband Íslands
	Hnefaleikasamband Íslands
	Íshökkísamband Íslands
	Íþróttasamband fatlaðra
	Júdósamband Íslands
	Karatesamband Íslands
	Keilusamband Íslands
	Knattspyrnusamband Íslands
	Kraftlyftingasamband Íslands
	Körfuknattleikssamband Íslands
	Landsamband hestamannafélaga
	Lyftingasamband Íslands
	Mótorhjóra- og snjóleðaiþróttasamband Íslands
	Siglingasamband Íslands
	Skautasamband Íslands
	Skíðasamband Íslands
	Skotíþróttasamband Íslands
	Skyllingasamband Íslands
	Sundsamband Íslands
	Taekwondosamband Íslands
	Tennissamband Íslands
	Þríþrautarsamband Íslands



Efnisyfirlit

Ávarp forseta	2	Málþingið „Umfang og hagræn áhrif íþrótta á Íslandi“	36
Framkvæmdastjórn ÍSÍ	4	Málþing um íþróttir og hreyfingu í framhaldsskólum	36
Varastjórn ÍSÍ	7	Málþing um höfuðhögg	36
Skrifstofa ÍSÍ	8	Málþing um andlega líðan íþróttamanna	36
Íþróttaping	9	Íþróttaráðstefna ÍSÍ	37
Formannafundur ÍSÍ	10	Ráðstefnan „Að stjórna íþróttafélagi - Ekkert mál“?	37
Dómsmál	10	Hádegisfundir	38
Listi yfir viðurkenndar íþróttgreinar innan vébanda ÍSÍ	10	Forvarnardagur forseta Íslands	39
Nefndir ÍSÍ	10	Norræn ráðstefna um íþróttir barna og unglinga	39
Íþróttanefndir ÍSÍ	10	Útgáfumál	39
Heiðranir	11	Norræna skólahlaupið	40
Heimsóknir	12	Námskeið í Ólympíu	40
Sérsamböndum ÍSÍ fjölgar	13	Móttaka til heiðurs ólympíuförum	40
Samtök íslenskra ólympíufara - SÍÓ	14	Sýnum karakter	41
Hringferð forseta ÍSÍ - heimsóknir í íþróttahéruð	15	Námskeið sérsambanda styrkt af Ólympíusamhjálpinni	42
Heiðurshöll ÍSÍ	18	Ólympíudagurinn	42
Íþróttamiðstöðin í Laugardal	19	Ánægja í íþróttum meðal grunnskólanema í 8.-10. bekk	43
Samningur við Flugfélag Íslands	19	Lífshlaupið	44
Starfsskýrslur ÍSÍ	19	Sjóvá	45
ÍSÍ á samfélagsmiðlum	20	Kvennahlaup ÍSÍ	45
Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ	20	Hjólað í vinnuna	46
Fararstjóranámskeið	20	Hreyfitorg	46
Ríkisstyrkur til sérsambanda ÍSÍ	20	Hjólum í skólann	47
Smáþjóðaleikar á Íslandi	21	Göngum í skólann	47
Skipurit leikanna	22	Nefnd um íþróttir 60+	48
Góður árangur íslenskra keppenda	22	Ólympíuleikar - Ríó 2016	49
Samstarfsaðilar	23	Vetrarólympíuleikar ungmenna - Lillehammer 2016	50
Náttúrulegur kraftur	23	Vetrarólympíuleikar - PyeongChang 2018	50
Merki leikanna	23	Evrópuleikar - Bakú 2015	51
Ráðherrafundur	24	Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar - Tbilisi 2015	52
Blossi - lukkuðyr Smáþjóðaleikanna 2015	24	Ólympíuleikar ungmenna - Buenos Aires 2018	52
Eldstæðið	24	Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar - Erzurum 2017	53
Sjálfboðaliðar	25	Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar - Györ 2017	54
Móttökur	25	Vetrarólympíuhátíð	54
Setningar- og lokahátíð	26	Evrópuæskunnar 2019	54
Fjármál	26	Smáþjóðaleikar - San Marínó 2017	54
Lyfjæftirlit ÍSÍ	27	Smáþjóðaleikar - Ísland 2015	55
Íþróttamaður ársins	28	Ólympíusamhjálpin	56
Fundur nefndar EOC um Evrópumálefni	29	EOC Seminar	56
Norrænir fundir íþróttasamtaka	29	Skýrsla um kostnað vegna afreksstarfs 2015	57
Ársþing EOC	30	Endurskoðun á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ	57
Ársþing ANOC	30	Afreksstefna ÍSÍ	59
Ólympíufjölskylda ÍSÍ	31	Afreksstefna sérsambanda	57
Til stuðnings góðum málsstað	31	Styrkir til sérsambanda og íþróttahéraða 2015	60
Ferðasjóður íþróttafélaga	32	Styrkir til sérsambanda og íþróttahéraða 2016	62
Endurgreiðslur vegna íþróttaslysa	33	Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands - Ársreikningur 2016	65
Verkefnasjóður ÍSÍ	33		
Afrekskvennasjóður Íslandsbanka og ÍSÍ/	33		
Styrktarsjóður Íslandsbanka og ÍSÍ	33		
Afrekssjóður ÍSÍ	34		
Undirritun samninga vegna fjárlaga	34		
Þjálfaramenntun ÍSÍ	35		
Fyrirmyndarfélag ÍSÍ	35		
Fyrirmyndarhérað ÍSÍ	35		
Ráðstefnur og málþing	36		
Ráðstefnur á RIG	36		



Lárus L. Blöndal, forseti ÍSí.

Ávarp forseta

Íþróttaárið 2016 var svo sannarlega glæsilegt fyrir íslenskt íþróttafólk. Íslensku keppendurnir á Ólympíuleikunum í Ríó í ágúst s.l. stóðu sig vel og voru landi og þjóð til mikils sóma. Íslenski hópurinn var hins vegar fámennari en oft áður þar sem handboltastrákarnir okkar voru ekki með í för. Sundfólkið okkar stóð sig sérlega vel og áttum við í fyrsta sinn sundkonu í úrslitum, og það tvær, og syntu þær samtals fjórum sinnum í undanúrslitum. Það var því brotið blað með afgerandi hætti í sundinu á þessum Ólympíuleikum.

Þá náðu íslenskir íþróttamenn góðum árangri í ýmsum einstaklingsíþróttgreinum á Norðurlandamótum, Evrópumeistaramótum og Heimsmeistaramótum á árinu. Eigum við Íslendingar m.a. Evrópumeistara og heimsmeistara unglinga í kraftlyftingum, Evrópumeistara í spjótkaсти fatlaðra, Norðurlandameistara í ólympískum lyftingum, Norðurlandameistara í nokkrum greinum frjálsíþrótta og Evrópumeistara stúlkna í hópímleikum, svo fátt eitt sé nefnt. Þá hafa kylfingar heldur betur sýnt frábæran árangur en nú eigum við

fulltrúa á LPGÁ mótaröðinni í Ameríku og LET mótaröðinni í Evrópu - fremstu mótaröðum kvenna í heiminum golfi. Segja má að árangur karlalandsliðsins í Evrópukeppninni í knattspyrnu í Frakklandi hafi verið það sem hæst bar í íslensku íþróttalífi á árinu 2016 og reyndar þó litið sé langt til baka í tíma. Liðið náði einstökum árangri og náði inn í 8 liða úrslit. Öll íslenska þjóðin hreifst með og Íslendingar flykkust til Frakklands til að styðja sína menn í tugþúsunda tali. Íslensku áhorfendurnir stóðu sig einnig frábærlega og vöktu ásamt liðinu sjálfu heimsathygli fyrir sína frammistöðu. Það skapaðist stemning í kringum liðið og stuðningsmennina sem smitaðist má segja út um alla heimsbyggðina. Víkingaklappið sem íslensku áhorfendurnir notuðu óspart hefur farið sem eldur í sinu um heiminn og er sjálfsgagt eitt þekktasta stuðningsatriði veraldar í dag. Frammistaða strákanna í Frakklandi var því ekki bara frábær íþróttalegur árangur heldur einnig gríðarleg landkynning.

Það er ekkert lát á árangrinum. Kvennalandsliðið í knattspyrnu er komið í loka-keppni Evrópukeppinnar. Sama á við

um karlalandsliðið í körfu. Strákarnir okkar í knattspyrnunni hafa byrjað mjög vel í undankeppni HM. Þessu til viðbótar er margt af okkar keppnisfólki í einstaklingsíþróttum líklegt til afreka. Framtíðin í íþróttum er því sannarlega björt um þessar mundir og verður spennandi að fylgjast með íslensku afreksíþróttafólki á komandi árum. Almenningsíþróttastarf ÍSí hefur einnig átt góðu gengi að fagna með heilsu- og hvatningarverkefni sín og skipa þau fastan sess í dagatalinu hjá skólum, vinnustöðum og einstaklingum um allt land. Sú verkefnavinna sem ÍSí hefur staðið fyrir um árabil hefur skilað sér með breyttum lífsstíl almennings, aukinni hreyfingu og vistvænni samgöngumáta. Helsti vöxtur verkefnanna er að almenningur hreyfir sig oftar, lengur og stundar fjölbreyttari tegund hreyfingar en áður. Betur má ef duga skal og nauðsynlegt er að ná til enn fleiri landsmanna á öllum aldri til að viðhalda góðri lýðheilsu. Nýlega hlaut ÍSí styrk frá Evrópusambandinu til þess að taka þátt í samevrópskri íþróttaviku sem fram fer nú í september og er sá viðburður jákvæð viðbót við núverandi verkefni.



Frá undirritun samnings um stóraukið fjárframlag til Afrekssjóðs ÍSí.

Þann 28. júlí í sumar var tekið risavaxið stökk fram á við með samningi sem þá var undirritaður um aukin fjárframlög ríkisins til Afrekssjóðs ÍSí. Samningur þessi hafði verið í vinnslu frá því í lok árs 2014 og var skýrsla um fjárbörf afreksíþróttastarfsins unnin í tengslum við þær viðræður. Samkvæmt samningnum hækka framlög ríkisins um hundrað milljónir kr. á ári í ár og næstu tvö ár og verða 400 milljónir kr. árið 2019. Það er augljóst að hér er um algera byltingu að ræða fyrir allt afreksíþróttastarf á Íslandi á komandi árum. Við erum mjög þakklát þeim stjórnmalamönnum sem höfðu vilja og þor til að stíga þetta mikilvæga skref inn í framtíðina. Sérstaklega langar mig til að þakka Illuga Gunnarssyni, þáverandi íþróttamálaráðherra, en hann var í fararbroddi af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Þá skipti stuðningur Bjarna Benediktssonar þá fjármálaráðherra og nú forsætisráðherra og Sigurðar Inga Jóhannssonar þáverandi forsætisráðherra augljóslega miklu máli.

Með þessum samningi má segja að staða Afrekssjóðs ÍSí hafi gjörbreyst. Í reynd er að verða til nýr sjóður með allt aðra getu og allt aðra möguleika til að styðja við afreksíþróttir. Því er nauðsynlegt að endurskoða reglur sjóðsins þannig að þær endurspegli það breytta og stærra hlutverk sem hann mun nú gegna. Framkvæmdastjórn ÍSí skipaði vinnuhóp um endurskoðun reglna fyrir Afrekssjóð þann 21. september 2016. Vinnuhópurinn var skipaður fólki sem er utan framkvæmdastjórnar ÍSí og stjórna sérsambanda en er þó með mikla reynslu og þekkingu á starfi hreyfingarinnar. Við höfum lagt ríka áherslu á að faglega væri staðið að þessari vinnu og að við nýttum okkur þá þekkingu sem býr í hreyfingunni og var vinnuhópurinn í góðu samstarfi við tugi aðila hér heima og erlendis í því skyni. Hópurinn hefur gert tillögur til framkvæmdastjórnar ÍSí og hafa þær síðan verið unnar áfram í víðtæku samráði innan íþróttahreyfingarinnar.

Verður fjallað um niðurstöðu þeirrar vinnu á Íþróttabingi og standa vonir til að um þær geti skapast góð sátt. Þetta aukna fjármagn sem kemur inn í Afrekssjóð með þessum samningi við stjórnvöld mun hafa gríðarleg áhrif á afreksstarf íþróttahreyfingarinnar eins og að líkum lætur. Nú mun Afrekssjóður í fyrsta skipti hafa bolmagn til að styðja við afreksstarfið þannig að virkilega muni um það. Þeir sem stýrt hafa afreksstarfinu við kröpp kjör á undanförunum árum sjá nú fram á bjartari tíma. Framundan eru mjög spennandi tímar í hreyfingunni og tækifærin í íslenskum íþróttum eru svo sannarlega mörg. Það er ósk mín að við náum að fylgja eftir þeim meðbyr sem við finnum fyrir hjá stjórnvöldum og almenningsi á Íslandi og að okkur auðnist að efla íþróttastarfsemina enn frekar á komandi árum, íþróttafólki og landsmönnum öllum til ánægju og hagsbóta.



Lárus Blöndal



Helga Steinunn Guðmundsdóttir



Gunnar Bragason



Sigríður Jónsdóttir

Framkvæmdastjórn ÍSÍ

Á 72. Íþróttapingi ÍSÍ, sem haldið var í Gullhömrum í Grafarholti dagana 17.-18. apríl 2015, var kosið í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Lárus L. Blöndal var einróma endurkjörinn forseti ÍSÍ til næstu tveggja ára með dýnjandi lófaklappi en ekkert mótframboð kom fram.

Í framkvæmdastjórn voru eftirtaldir kjörnir: Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Gunnar Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Hafsteinn Pálsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Bergros Jóhannesdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Örn Andrésón.

Í varastjórn voru kjörin: Jón Finnbogason, Lilja Sigurðardóttir og Þórey Edda Elísdóttir.

Forseti ÍSÍ

Lárus Blöndal er fæddur 1961.

Lárus er hæstaréttarlögmaður og er einn af eigendum lögfræðistofunnar Juris. Hann var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2002, skipaður ritari framkvæmdastjórnar ÍSÍ árið 2004 og varaforseti ÍSÍ árið 2006. Hann tók við embætti forseta ÍSÍ í júní 2013. Lárus var um árabíl formaður Laganevndar ÍSÍ. Hann hefur meðal annars einnig verið formaður Afrekssjóðs ÍSÍ og setið

í Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ. Lárus leiddi undirbúningsvinnu að sameiningu Íþróttasambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands í Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Lárus er fyrrverandi formaður Umf. Stjórnunnar í Garðabæ. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og badminton.

Varaforseti ÍSÍ

Helga Steinunn Guðmundsdóttir er fædd 1953.

Helga er menntuð sem uppeldisráðgjafi (barnevernpedagog) frá Noregi. Hún var kosin í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2006. Helga er formaður vinnuhóps ÍSÍ um Ferðasjóð Íþróttafélaga og var formaður Skipulagsnefndar Smáþjóðaleikanna 2015. Hún hefur einnig leitt ýmsa vinnuhópa ÍSÍ og verið formaður Skólaíþróttanefndar ÍSÍ. Helga átti sæti í aðalstjórn og stjórn knattspyrnudeildar KA og var formaður félagsins í 7 ár.

Gjaldkeri ÍSÍ

Gunnar Bragason er fæddur 1961. Gunnar er viðskiptafræðingur að mennt og starfar sem framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar hf. Hann var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2002 og skipaður af framkvæmdastjórn sem gjaldkeri ÍSÍ árið 2004. Hann er einnig formaður fjármálaráðs ÍSÍ. Gunnar var forseti Golfsambands Íslands frá 1999-2001. Íþróttalegur bakgrunnur: Golf.

Ritari ÍSÍ

Sigríður Jónsdóttir er fædd 1954. Hún er efnafræðingur með doktorspróf frá Háskólanum í Hamborg í Þýskalandi og starfar á Raunvísindastofnun Háskólans. Sigríður var fyrst kjörin í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1996 og var varaforseti ÍSÍ frá 1997-2006. Hún sat í stjórn Badminton-sambands Íslands frá 1988 og var formaður sambandsins frá 1990-1996. Sigríður er formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ og hefur gegnt því embætti frá stofnun sviðsins. Hún situr í Íþróttanefnd ríkisins fyrir hönd ÍSÍ. Íþróttalegur bakgrunnur: Badminton.



Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir



Garðar Svansson



Guðmundur Ágúst Ingvarsson



Gunnlaugur Auðunn Júlíusson

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir er fædd 1953.

Hún var kjörin í varastjórn ÍSÍ árið 2002 og í framkvæmdastjórn ÍSÍ 2011. Ingibjörg situr í fagráði Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ, er formaður Kvenna-hlaupsnefndar ÍSÍ auk þess að stýra vinnuhópum. Ingibjörg var formaður Umf. Aftureldingar í Mosfellsbæ í átta ár.

Íþróttalegur bakgrunnur: Handknattleikur og frjálsíþróttir.

Garðar Svansson er fæddur 1968.

Hann var kosinn í varastjórn árið 2011 og í framkvæmdastjórn 2013. Garðar situr í fagráði Afreks- og Ólympíu-sviðs ÍSÍ, í fjármálaráði og í tölvunefnd. Garðar sat í stjórn UMFÍ 2009 til 2011. Hann hefur átt sæti í stjórn HSH síðan 1995, ýmist í aðal- eða varastjórn og var formaður sambandsins árin 2006 til 2011. Garðar er framkvæmdastjóri HSH síðan 2009. Hann var formaður Umf. Grundarfjarðar 1997 – 2001. Sat í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar 2002 til 2006. Hann hefur verið í stjórn Golfklúbbsins Vestarr síðan 2009.

Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, frjálsíþróttir, blak, golf.

Guðmundur Ágúst Ingvarsson er fæddur 1950.

Hann var kosinn í varastjórn ÍSÍ 2013 og sat í fagráði Afreks- og Ólympíu-sviðs ÍSÍ og í vinnuhópi ÍSÍ um skattamál íþróttahreyfingarinnar. Á Íþróttapiingi 2015 var Guðmundur Ágúst kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ og hefur gegnt embætti formanns Afreks-sjóðs ÍSÍ frá 2015. Guðmundur Ágúst átti sæti í aðalstjórn Víkings og sat í nefndum hjá Handknattleikssambandi Íslands. Hann var kjörinn formaður HSH 1996 og gegndi því embætti til 2009 eða í þrettán uppgangsár.

Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, handknattleikur, hestaiþróttir og golf.

Gunnlaugur Auðunn Júlíusson er fæddur 1952.

Hann var kjörinn í varastjórn ÍSÍ árið 2011 og situr í Heilbrigðisráði ÍSÍ og fagráði Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. Gunnlaugur hefur setið í stjórn knattspyrnudeildar Víkings og sat í aðalstjórn Víkings um árabíl. Hann hefur síðustu sex árin setið í stjórn frjálsíþróttadeildar Ármanns. Gunnlaugur var formaður 100 km félagsins á Íslandi og var einnig formaður ofurhlauparáðs FRÍ.

Íþróttalegur bakgrunnur: Langhlaup með sérstaka áherslu á ofurhlaup.

Hafsteinn Pálsson er fæddur 1952.

Hafsteinn er menntaður byggingarverkfræðingur og starfar sem slíkur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Hann var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1992 og hefur sinnt ýmsum ábyrgðarstörfum hjá sambandinu sem ritari ÍSÍ, formaður Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ, formaður Taekwondonefndar ÍSÍ og nú síðast sem formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ og formaður Heiðursráðs ÍSÍ. Hafsteinn er fyrrverandi formaður Ungmennasambands Kjalarnessþings og knattspyrnudeildar Umf. Aftureldingar og átti einnig sæti í aðalstjórn og stjórn sunddeildar Umf. Aftureldingar og í stjórn UMFÍ. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og handknattleikur.



Hafsteinn Pálsson



Örn Andrésson



Ingi Þór Ágústsson

Örn Andrésson er fæddur 1951. Örn rekur eigið fjárfestingarfélag. Hann var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1996. Hann er formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og formaður Tölvunefndar ÍSÍ. Hann var formaður Afrekssjóðs ÍSÍ og hefur sinnt ýmsum verkefnum innan sambandsins. Örn hefur setið samfelt í stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur í 28 ár en hann var einnig formaður badmintondeildar Víkings í 4 ár og formaður Borðtennis-sambands Íslands. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, frjálsíþróttir og badminton.

Ingi Þór Ágústsson er fæddur 1972. Hann var kosinn í varastjórn árið 2013 en tók sæti í framkvæmdastjórn við fráfall Ólafs E. Rafnssonar, forseta ÍSÍ, sama ár. Ingi Þór er formaður Heilbrigðisráðs ÍSÍ og situr í fagráði Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ. Ingi Þór var kosinn í varastjórn HSV við stofnun þess árið 2000 en tók síðar sæti í aðalstjórn og var formaður HSV árin 2004–2006. Ingi Þór var bæjarfulltrúi í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar árin 2002–2008 og formaður íþróttanefndar Ísafjarðar á þeim tíma. Hann var formaður undirbúningsnefndar fyrir Unglingalandsmót UMFÍ á Ísafirði árið 2003. Ingi Þór var einnig fram-

kvæmdastjóri HSV um skamma hríð sem og framkvæmdastjóri UMSB 2008 – 2009. Hann sat í stjórn UMFÍ árin 2004-2006 og í stjórn SSÍ 2011 – 2015 þar sem hann er einnig nefndarmaður í landsliðsnefnd. Íþróttalegur bakgrunnur: Sund.

Framkvæmdastjórn hefur haldið 21 fundi frá síðasta Íþróttáþingi. Þá hefur framkvæmdaráð ÍSÍ, sem í sitja forseti, varaforseti, gjaldkeri og ritari haldið 46 fundi. Fundi framkvæmdaráðs hafa einnig setið, eftir atvikum, formenn sviða, formaður Afrekssjóðs, framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri. Auk ofangreindra funda hafa verið haldnir fjöldi óformlegra funda.



Stjórn ÍSÍ 2015-2017.



Lilja Sigurðardóttir



Þórey Edda Elísdóttir



Jón Finnbogason

Varastjórn ÍSí

Lilja Sigurðardóttir er fædd 1965. Lilja er viðskiptafræðingur að mennt og starfar hjá Arion banka. Hún var kosin í varastjórn ÍSí árið 2015. Lilja er varaformaður Afrekssjóðs ÍSí og er í Fjármálaráði ÍSí. Lilja hefur setið í stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur sl. 15 ár.
Íþróttalegur bakgrunnur: Handknattleikur og badminton.

Þórey Edda Elísdóttir er fædd 1977. Þórey er verkfræðingur að mennt. Hún var kosin sem varamaður í framkvæmdastjórn ÍSí árið 2015 og hefur setið í fagráði Afreks- og Ólympíu-sviðs í tvö ár. Þórey Edda sat í íþróttamannanefndum Frjálsíþróttasambands Íslands og Evrópska frjálsíþróttasambandsins frá árinu 2002 til 2006. Hún var í stjórn Samtaka íslenskra Ólympíufara frá 2009-2015 en hefur nú setið í stjórn USVH í 2 ár.
Íþróttalegur bakgrunnur: Frjálsíþróttir og fimleikar.

Jón Finnbogason er fæddur 1973. Hann var kosinn í varastjórn ÍSí árið 2015 og situr í fagráði Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí. Jón er formaður Íþróttaráðs Kópavogs og varabæjarfulltrúi í bæjarstjórn Kópavogs. Jón sat í stjórn Fimleikasambands Íslands frá 1996 til 2000. Jón tók sæti í stjórn Íþróttafélagsins Gerplu 2003, tók við sem formaður félagsins 2006 og gegndi því embætti til 2014. Jón er lögmaður og hefur starfað í fjármálafyrirtækjum frá 2000 í ýmsum stöðum, svo sem sjóðsstjóri í skuldbréfasjóðum, forstjóri Byrs hf. og nú sem forstöðumaður hjá Stefni hf.
Íþróttalegur bakgrunnur: Fimleikar.



Andri Stefánsson



Birgir Sverrisson



Elías Atlason



Halla Kjartansdóttir



Hrönn Guðmundsdóttir



Kristín Ásbjarnardóttir



Linda Laufdal



Líney Rut Halldórsdóttir



Magnús G. Þórarinnsson



Ragna Ingólfssdóttir



Ragnhildur Skúladóttir



Steinunn A. Í. Tómasdóttir



Viðar Sigurjónsson



Þórarinn Alvar Þórarinnsson



Örvar Ólafsson

Skrifstofa ÍSí

Á skrifstofu ÍSí í Reykjavík starfa 14 starfsmenn og á Akureyri er einn starfsmaður í fullu starfi. Grunnstarfsemi skrifstofunnar skiptist í þrjú fagsvið; Afreks- og Ólympíusvið, Þróunar- og fræðslusvið og Almenningsíþróttasvið. Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði ÍSí frá síðasta Íþróttapeingi ÍSí.

Erla Scheving Halldórsdóttir bókari, Sigríður Inga Viggósdóttir sviðsstjóri Almenningsíþróttasviðs og Óskar Örn Guðbrandsson verkefnastjóri Felix létu af störfum á tímabilinu. Þeim er þakkað fyrir gott samstarf og óskað heilla á nýjum vettvangi. Hrönn Guðmundsdóttir, áður verkefnastjóri á Almenningsíþróttasviði

ÍSí, var fastráðin í starf sviðsstjóra Almenningsíþróttasviðs ÍSí. Nýjir starfsmenn eru Kristín Ásbjarnardóttir bókari, Elías Atlason verkefnastjóri Felix og Magnús Gunnlaugur Þórarinnsson verkefnastjóri á Almenningsíþróttasviði.





Íþróttáþing

72. Íþróttáþing ÍSÍ var haldið í Gullhömrum í Reykjavík 17. og 18. apríl 2015. Til þingsins voru mættir vel á annað hundrað þingfulltrúar af öllu landinu. Setningarathöfn þingsins var með hefðbundnum hætti þar sem forseti ÍSÍ, Lárus L. Blöndal, flutti setningarávarp og minntist þar sérstaklega látinna félaga. Þingforseti var Ragnheiður Ríkharðsdóttir og 2. þingforseti var Steinn Halldórsson. Stýrðu þau þinginu af mikilli röggsemi. Mennta- og menningarmálaráðherra Illugi Gunnarsson, formaður UMFÍ, Helga Guðrún Guðjónsdóttir og Vilhjálmur Einarsson Heiðursfélagi ÍSÍ fluttu ávörp. Fyrir þinginu lá tillaga um kosningu fjögurra nýrra Heiðursfélaga ÍSÍ, en sú heiðursnafnbót er æðsta viðurkenning innan vébanda ÍSÍ. Nýir Heiðursfélagar ÍSÍ voru kosnir Benedikt Geirsson fyrrverandi formaður Skíðasambands Íslands, Jens Kristmannsson íþróttaleiðtogi frá Ísafirði, Margrét Bjarnadóttir fyrrverandi formaður Fimleikasambands Íslands og Reynir Ragnarsson fyrrverandi formaður ÍBR. Öll hafa þau starfað í íþróttahreyfingunni frá unga aldri og sinnt forystu-



störfum á ýmsum vettvangi innan hreyfingarinnar um áratuga skeið. Framlag þeirra til íþróttá landinu verður seint metið til fulls. Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, kynnti skýrslu framkvæmdastjórnar og Gunnar Bragason, gjaldkeri ÍSÍ, kynnti endurskoðaða reikninga. Reikningar sambandsins voru samþykktir án umræðu.

Fyrir þinginu lágu 31 tillaga um ýmis mál er varða málefni íþróttahreyfingarinnar. Þingforseti kynnti þær tillögur sem lágu fyrir þinginu en nefndarstörf fóru fram í fundarsölum í íþróttá-

miðstöðinni í Laugardal um kvöldið. Á laugardegnum var þingstörfum framhaldið og þá fóru einnig fram kosningar til forseta og framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Breytingar voru gerðar á lögum ÍSÍ og Lögum ÍSÍ um lyfjamál. Samþykktar tillögur og staðfest lög ÍSÍ er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ var einn í framboði í kjöri til forseta ÍSÍ og var einróma endurkjörinn til næstu tveggja ára með dynjandi lófaklappi. Í framkvæmdastjórn voru eftirtaldir kjörnir: Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Gunnar Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Hafsteinn Pálsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Örn Andrésson. Í varastjórn voru kjörin: Jón Finnbogason, Lilja Sigurðardóttir og Þórey Edda Elísdóttir. Friðrik Einarsson og Jón Gestur Viggósson gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Þeir voru báðir heiðraðir í lok þings með Gullmerki ÍSÍ fyrir störf sín í þágu íþróttahreyfingarinnar. Þá var einnig útnefnt í Heiðurshöll ÍSÍ.





Frá Formannafundi ÍSÍ árið 2015.



Frá Formannafundi ÍSÍ árið 2016.

Formannafundir ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ er samkvæmt lögum ÍSÍ ráðgefandi samkoma þar sem framkvæmdastjórn ÍSÍ upplýsir formenn sambandsaðila ÍSÍ um starf-

semi sambandsins á milli Íþróttapinga. Formannafundur er haldinn í nóvember ár hvert og er alltaf vel sóttur af sambandsaðilum ÍSÍ.

Í tengslum við Formannafund ÍSÍ undanfarin ár hefur verið haldinn óformlegur samráðsfundur héraðs-sambanda og íþróttabandalaga um sameiginleg hagsmunamál.

Dómsmál

Dómstóll ÍSÍ fékk til sín 12 mál frá síðasta Íþróttapingi og voru þau öll tekin fyrir hjá Dómstól ÍSÍ. Fjórum málum var áfrýjað til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Bent er á að hægt er að lesa dómsúrskurði hjá dómstólum ÍSÍ á vefsíðu ÍSÍ, www.isi.is.

Nefndir ÍSÍ

Mikið starf er unnið í nefndum og hópum á vegum ÍSÍ á milli Íþróttapinga. Fastanefndir ÍSÍ eru Afrekssjóður, Alþjóðanefnd, Fjármálaráð, Heiðursráð, Heilbrigðisráð, Íþróttamannanefnd, Lyfjaeftirlitsnefnd, Lyfjaráð, Laganefnd og Upplýsinga- og fjölmiðlanefnd. Að auki eru starfandi á milli þinga ýmsir vinnuhópar og millipinganefndir um sérstök málefni eða verkefni.

Íþróttanefndir ÍSÍ

Íþróttanefndir ÍSÍ eru fjórar talsins; Bandýnefnd, Bogfiminefnd, Krullunefnd og Skvassnefnd. Nefndirnar starfa undir lögum ÍSÍ og markmið þeirra er að vinna að eflingu viðkomandi íþróttagreinar þar til hún uppfyllir lögbundnar kröfur til stofnunar sérsambands.

Listi yfir viðurkenndar íþróttagreinar innan vébanda ÍSÍ

Viðurkenndar íþróttagreinar innan vébanda ÍSÍ eru sem stendur 52 talsins.

Aikido	Dansíþróttir	Hafnabolti	Jiu Jitsu (ekki	Krikket	Ólympískir	Snjósleðaíþróttir
Akstursíþróttir	Fallhlífastökk	Handknattleikur	Brazilian Jiu	Krulla	hnefaleikar	Sund
Amerískur fána- fótbolti	Fimleikar	Hestaíþróttir	Jitsu)	Körfuknatt- leikur	Rathlaup	Svifflug
Badminton	Fisflug	Hjólaskautaat	Júdó	Listskaugar	Rugby 7 og 15	Taekwondo
Bandý	Frisbííþróttir	(Roller Derby)	Karate	Mjúkbolti	Siglingar	Tennis
Blak	(WFDF)	Hjólreiðaíþróttir	Keila	Ólympískar	Skíðaíþróttir	Vélhjólaíþróttir
Bogfimi	Frjálsíþróttir	Íshökkí	Klifur	lyftingar	Skotíþróttir	Wushu (5
Borðtennis	Glima	Íþróttir fatlaðra	Knattspyrna		Skvass	greinar)
	Golf		Kraftlyftingar		Skyldingar	Þríþraut



Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra og Ómar Einarsson framkvæmdastjóri ÍTR voru sæmdir Gullmerki ÍSÍ 8. desember 2016.



Þór Ísfeld Vilhjálmsson var sæmdur Heiðurskrossi ÍSÍ og Gísli Valtýsson var sæmdur Gullmerki ÍSÍ á uppskeruhátíð ÍBV í janúar 2017.

Heiðranir

Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands heiðrar á ári hverju einstaklinga sem hafa unnið fórnfúst og gott starf í þágu íþróttahreyfingarinnar.

Eftirtaldir viðurkenningar hafa verið veittar frá síðasta ársþingi:

Heiðursfélagar, kjörnir á 72. Íþróttapingi ÍSÍ 2015:

Benedikt Geirsson
Jens Kristmannsson
Margrét Bjarnadóttir
Reynir Ragnarsson

Heiðurskross ÍSÍ

Albert H.N. Valdimarsson
Camilla Th. Hallgrímsson
Dóra Gunnarsdóttir
Elsa Jónsdóttir

Jón Hjaltalín Magnússon
Karl Gunnlaugsson
Guðmundur Pétursson
Sveinn Áki Lúðvíksson
Þór Ísfeld Vilhjálmsson

Gullmerki ÍSÍ

Aðalbjörg Valdimarsdóttir, USAH
Eyjólfur Þór Guðlaugsson, KKÍ
Friðrik Einarsson, ÍSÍ
Geir Þorsteinsson, KSÍ
Gísli Valtýsson, ÍBV
Guðjón Ingi Gestsson, SKY
Guðmundur Jónsson, UMSK/Breiðablik
Guðmundur Haukur Sigurðsson, USVH
Guðríður Aadnegard, HSK/Hamar
Guðrún Kristín Einarsdóttir, UMSK/
Afturelding
Halldór Fr. Jónsson, ÍA
Helgi Þór Jónasson, TSÍ
Hlín Ástþórsdóttir, SSÍ

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra
Jón Gestur Viggósson, ÍSÍ
Kristján Jónatansson, UMSK/Breiðablik
Matthildur Ásmundsdóttir, USÚ
Ómar Einarsson, ÍTR
Reinharð Reinharðsson, KAÍ
Úlfur Hróbjartsson, SÍL
Valdemar Einarsson, USÚ
Þórarinn Már Þorbjörnsson, KLÍ

Silfurmerki ÍSÍ

Atli Már Sigurðsson, DSÍ
Árni Björn Kristjánsson, LSÍ
Baldur Gauti Tryggvason, HSK
Benedikt Jóhannsson, UÍA/Austri
Birna Davíðsdóttir, HSP/Umf. Bjarni
Bryndís Gunnlaugsdóttir, KKÍ
Elísabet Sigurðardóttir, HSP
Grétar Kristjánsson, UMSK/Breiðablik
Guðmundur Jónasson, HSK
Guðrún Ingólfsdóttir, USÚ/Sindri
Gyða Kristmannsdóttir, FSÍ/Umf. Stjarnan
Hafdís Vilhjálmsdóttir, USAH
Hafsteinn Örn Guðmundsson, DSÍ
Hafsteinn Jónasson, UÍA/Höttur
Haukur Skúlason, TKÍ
Hulda Elín Skarphéðinsdóttir, HSP/
Umf. Einingin
Jóhann Steinar Ingimundarson, UMSK/
Stjarnan
Óttar Ármannsson, UÍA/Höttur
Rut Stefánsdóttir, HSK
Rúnar Birgir Gíslason, KKÍ
Sædis Eiríksdóttir, HHF/Íþróttafélagið
Hörður
Sævar Þór Gylfason, Umf. Sindri
Valgerður Hilmarsdóttir, USAH
Zophonías Torfason, USÚ/Sindri



Friðrik Einarsson og Jón Gestur Viggósson fráfarandi stjórnarmenn ÍSÍ voru sæmdir Gullmerki ÍSÍ í lok 72. Íþróttapings ÍSÍ 2015.

Heimsóknir

Margir skemmtilegir gestir heimsækja ÍSÍ í höfuðstöðvar sambandsins í Laugardal á ári hverju. Hér gefur á að líta nokkrar svipmyndir frá heimsóknum á síðustu tveimur árum.



Hópur af 12-16 ára ungmennum heimsótti Íþróttamiðstöðina í júní 2016 í tengslum við Háskóla unga fólksins og Ólympíudaginn. Háskóli unga fólksins er fyrir fróðleiksfúsa og fjöruga krakka á aldrinum 12-16 ára. Hópurinn fékk stutta kynningu á starfi ÍSÍ og fór mestur tími í umfjöllun um Ólympíuleikana í Ríó 2016. Leynigestur var Þormóður Árni Jónsson júðóþakki og vakti hann mikla hrifningu. Hópurinn fékk stutta sýnikennslu um júðó hjá Þormóði Árna. Heimsóknin var einnig liður í að fagna Ólympíudeginum sem haldinn er hátíðlegur um allan heim 23. júní ár hvert.



Fyrirverandi íþróttamálaráðherra, mannréttindalögfræðingur og þingmaður frá Kenýa, Ababu Namwamba, og föruneysi átti fund með framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra ÍSÍ í ágúst 2015 í þeim tilgangi að koma á samskiptum milli Íslands og Kenýa á sviði íþróttar og menningar.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og föruneysi heimsóttu ÍSÍ í nóvember 2015. Heimsóknin var liður í vettvangsferð borgarstjóra um skóla og stofnanir í Laugardalnum en skrifstofa borgarstjóra hafði aðsetur í Laugardalslauginni í eina viku.



Gaston Parage, forseti Alþjóðakraftlyftingasambandsins, ásamt formanni Kraftlyftingasambands Íslands, Sigurjóni Péturssyni, heimsóttu höfuðstöðvar ÍSí en forsetinn var staddur hér á landi til að kynna sér starf Kraftlyftingasambands Íslands og kynna áherslur Alþjóðakraftlyftingasambandsins.

Heimsókn Gaston Parage forseta Alþjóðakraftlyftingasambandsins.

Árin 2015 og 2016 heimsóttu ýmsir skólahópar ÍSí og fengu fræðslu um uppbyggingu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi, starfsemi íþrótt- og Ólympíusambandsins og Smáþjóðaleikana. Það er alltaf gleðilegt að taka á móti skólahópum og kynna starfsemi íþróttahreyfingarinnar. Á myndinni má sjá skólahóp frá FG.



Sérsamböndum ÍSí fjölgar



Lárus L. Blöndal og Ásdís Rósa Gunnarsdóttir fyrsti formaður Hnefaleikasambands Íslands takast í hendur á stofnþingi sambandsins.

Á Íþróttþingi ÍSí 2015 var samþykkt að veita framkvæmdastjórn ÍSí heimild til að stofna þrjú ný sérsambönd fram að næsta þingi, um hnefaleika, bogfimi og þríþraut. Þann 30. september 2015 var stofnþing Hnefaleikasambands Íslands (HNÍ) haldið í Íþróttamiðstöðinni í



Fyrsta stjórn Þríþrautarsambands Íslands á stofnþingi sambandsins.

Laugardal. Þann 27. apríl 2016 var stofnþing Þríþrautarsambands Íslands (ÞRÍ) haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Með stofnun Hnefaleikasambands Íslands og Þríþrautarsambands Íslands eru sérsambönd ÍSí orðin 32 talsins. Undirbúningur að stofnun sérsambands um bogfimi er vel á veg komin.



Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands var heiðursgestur á 10 ára afmælishófi SÍÓ.



Nesklúbbinn á Seltjarnarnesi. Árni Þór Hallgrímsson, Elsa Nielsen, Broddi Kristjánsson og Ragna Ingólfsdóttir sigruðu mótið.

Þann 4. desember 2016 var blásið til glæsilegrar afmælisveislu samtakanna, með áherslu á þátttöku Íslands á eftirtöldum sumar- og vetrarleikum; Berlín (1936), Cortína og Melbourne (1956), Innsbruck og Montreal (1976), Atlanta (1996), Tórínó (2006) og Ríó (2016). Hátt í 100 manns mættu á hófið. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, var heiðursgestur veislunnar. Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ ávarpaði gesti og sæmdi Jón Hjaltalín Magnússon formann SÍÓ Heiðurskrossi ÍSÍ fyrir störf hans í þágu íþróttá á Íslandi. Elstu þátttakendurnir sem mættu voru Óskar Jónsson (sumar) og Þórir Jónsson (vetrar) sem kepptu árið 1948, en sá yngsti var Guðni Valur Guðnason kringlukastari sem keppti í Ríó 2016.

Samtök íslenskra ólympíufara - SÍÓ

Aðalfundur stjórnar Samtaka íslenskra ólympíufara (SÍÓ) var haldinn 26. nóvember 2015. Stjórn samtakanna skipa; Jón Hjaltalín Magnússon formaður, Elín Sigurðardóttir varaformaður, Elsa Nielsen, Jón Þórður Ólafsson og Jóhann Friðrik Haraldsson. Varamenn eru Konráð Olavsson og Jakob Jóhann Sveinsson.

Í tilefni af 10 ára afmæli Samtaka íslenskra ólympíufara árið 2016 var staðið fyrir nokkrum viðburðum ásamt því að láta hanna nýtt merki samtakanna. Hönnuðir merkisins eru grafísku hönnuðirnir Elsa Nielsen og Hlynur Ólafsson.

Þann 14. apríl 2016 var boðið til kaffisamsætis fyrir ólympíufara. Um sumarið tóku samtökin þátt í Ólympíudeginum 23. júní með því að halda golfmót SÍÓ í samstarfi við GSÍ og



Sigurvegarar í Golfmóti SÍÓ 2016.



Frá heimsókn til HSV.

Hringferð forseta ÍSí - heimsóknir í íþróttahéruð

Forseti ÍSí, Lárus L. Blöndal, hóf heimsóknir í íþróttahéruð 2014 og hélt áfram á sömu braut árið 2015 og 2016. Heimsóknirnar eru hugsaðar sem tækifæri fyrir forseta ÍSí að hitta forsvarsmenn íþróttahéraða, íþróttamannvirkja, íþróttafélaga og sveitarfélaga á þeirra eigin heimavelli og hlusta á það sem helst brennur á hreyfingunni.

Í október 2015 heimsótti forseti ÍSí ásamt föruneyti íþróttahéruðin á Vestfjörðum, þ.e. Héraðssamband Vestfirðinga, Héraðssamband Bolungarvíkur og Héraðssambandið Hrafna-Flóka. Í nóvember 2016 heimsótti forsetinn svo Íþróttabandalag Hafnarfjarðar.

Árið 2016 var einnig haldinn fundur með fulltrúum Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) og ÍTR í húsakynnum ÍSí en ferð um íþróttamannvirki og til íþróttafélaga í ÍBR er í bígerð.

Í mars 2017 fór forseti og föruneyti í heimsókn til Ungmennasambands Kjalarnesþings.

ÍSí þakkar forsvarsmönnum íþróttahéraða, félaga og sveitarfélaga fyrir hlýjar móttökur og góða fundi.



Lárus L. Blöndal forseti ÍSí og Guðný Stefánía Stefánsdóttir formaður HSV.



Frá heimsókn til Héraðssambands Bolungarvíkur.



Forseti ÍSí ásamt Jónasi Leifi Sigursteinssyni úr stjórn HSB.



Lilja Sigurðardóttir formaður HHF og Lárus L. Blöndal forseti ÍSí.



Frá heimsókn til HHF.



Frá heimsókn til ÍBH.



Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH og Lárus L. Blöndal forseti ÍSí.





Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK og Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ.



Frá heimsókn til UMSK.



Ungir íþróttaiðkendur í Hafnarfirði.



Frá heimsókn til HSV.



Lárus, Sigríður, Ríkhartur og Líney við útnefningu í Heiðurshöll ÍSÍ 2015.



Guðmundur Gíslason við útnefninguna 2016.

Heiðurshöll ÍSÍ

Heiðurshöll ÍSÍ er óápreifanleg höll afreksíþróttafólks og afreksþjálfara Íslands, í ætt við „Hall of Fame“ á erlendri grundu. Framkvæmdastjórn ÍSÍ útnefnir einstaklinga í Heiðurshöll ÍSÍ eftir reglugerð þar að lútandi og er Heiðursráð ÍSÍ ráðgefandi aðili varðandi tilnefningar. Með Heiðurshöll ÍSÍ vill ÍSÍ skapa vettvang til að setja á stall okkar framúrskarandi íþróttafólk og skapa minningar í máli og myndum um þeirra helstu afrek.

Á 72. Íþróttapingi ÍSÍ í apríl 2015 var útnefnt í Heiðurshöll ÍSÍ í tíunda og ellefta sinn. Það voru þeir Gunnar A. Huseby frjálsíþróttamaður og Torfi



Ættingjar Torfa Bryngeirssonar við útnefninguna 2015.

Bryngeirsson frjálsíþróttamaður sem voru útnefndir í Heiðurshöllina. Á hófi Íþróttamanns ársins 2015 voru tveir einstaklingar útnefndir í Heiðurshöll ÍSÍ. Það voru þau Ríkhartur Jónsson knattspyrnumaður og Sigríður Sigurðardóttir handknattleikskona.

Á hófi Íþróttamanns ársins 2016 voru Guðmundur Gíslason sundmaður og Geir Hallsteinsson handknattleiksmaður útnefndir í Heiðurshöll ÍSÍ. Alls hafa 15 einstaklingar verið útnefndir í Heiðurshöllina. Heiðurshöll ÍSÍ er á vefsíðu ÍSÍ og þar má finna umfjöllun um hvern og einn meðlim.



Brynjar E. Geirsson, sonur Geirs Hallsteinssonar, tók við viðurkenningunni fyrir hönd föður síns og las upp kveðju frá honum.



Ættingjar Gunnars Huseby við útnefninguna 2015.



Starfsskýrslur ÍSÍ

Samkvæmt lögum ÍSÍ þurfa þurfa héraðssambönd/íþróttabandalög, sérsambönd og íþrótt- og ungmennafélög að skila starfsskýrslum í gegnum Felix, tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert. Skil á starfsskýrslum ÍSÍ eru afar mikilvæg fyrir alla hreyfinguna því með þeim fæst nauðsynleg yfirsýn yfir fjöldatölur og greining á samsetningu íþróttahreyfingarinnar, svo sem aldur og kyn. Einnig fæst yfirsýn yfir rekstur og fjárhag hreyfingarinnar á landsvísi. Slík yfirsýn er nauðsynleg þegar sýna þarf fram á umfang og starfsemi íþróttahreyfingarinnar.

ÍSÍ hefur safnað rafrænum upplýsingum um umfang íþróttahreyfingarinnar á Íslandi allt frá árinu 1994 og er um einstakt gagnasafn ræða. Ekki er vítað til þess að nokkur önnur þjóð hafi safnað saman gögnum um íþróttaiðkun heillar þjóðar sem hægt er að greina með þessum hætti. Skil á starfsskýrslum eru almennt góð og þakkar ÍSÍ sambandsaðilum góða samvinnu við innheimtu skýrslanna.



Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Íþróttamiðstöðin í Laugardal gegnir mikilvægu hlutverki sem miðstöð íþróttahreyfingarinnar í landinu. Öll sérsambönd ÍSÍ, utan KSÍ og SKÍ, eru með aðstöðu í miðstöðinni, auk Íþróttabandalags Reykjavíkur, Ungmennasambands Kjalarnesþings, Íslenskrar getspá og Íslenskra getrauna, auk nokkurra hagsmunaaðila sem hafa aðsetur í miðstöðinni.

Í miðstöðinni er rekin öflug kaffitería, Café Easy, sem þjónar starfseminni

í miðstöðinni, bæði sem mótuneyti og þjónustuaðili fundarsala. Ingiberg Baldursson veitingamaður og starfsfólk hans hjá Stjórnuveitingum sjá um rekstur Café Easy.

Nokkrar tilfærslur hafa orðið á skrifstofum sérsambanda í miðstöðinni vegna breytinga á umfangi starfsemi þeirra. Mikil þörf er á meira húsnæði undir starfsemi ÍSÍ, skrifstofur sambandsaðila og geymslur þar sem öll rými í miðstöðinni eru fullnýtt.

Samningur við Flugfélag Íslands

ÍSÍ er í samstarfi við Flugfélag Íslands um flugfargjöld innanlands. ÍSÍ fargjöldin eru hagstæð í samanburði við almenn fargjöld og hvetur ÍSÍ sambandsaðila sína að nýta samninginn eins og kostur er. Fargjöld hækka ekki á milli samninga og skattar á sumum flugleiðum Flugfélagsins hækka aðeins lítillega. Helsta breytingin á milli ára felst í hækkun staðfestingargjalds og breytingagjalds. Samningur ÍSÍ og Flugfélags Íslands er að finna á vefsíðu ÍSÍ.



Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Guðmundur Óskarsson forstöðumaður sölu- og markaðssviðs FÍ við undirritun samnings.

ÍSÍ á samfélagsmiðlum



Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands er virkt á samfélagsmiðlum til að koma starfsemi sinni á framfæri. ÍSÍ er á Fésbók (Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands - ÍSÍ), Instagram (@isiiceland), Twitter (ÍSÍ, @isiiceland), YouTube

(NOC Iceland ÍSÍ) og Vimeo (ISI). Einnig er ÍSÍ með Issuu-síðu (Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands) en þar er allt útgefið efni ÍSÍ. Auk þess er myndasíða ÍSÍ (www.myndir.isi.is) í stöðugri mótnun en þar má sjá bæði nýjar sem

og eldri myndir úr myndasafni ÍSÍ. Að auki er Almenningsíþróttasvið með samfélagsmiðlasíður fyrir sín verkefni. ÍSÍ hvetur áhugasama að fylgja sambandinu á samfélagsmiðlum.

Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix er miðlægt tölvukerfi Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) og heldur utan um íþróttaiðkendur á Íslandi. Kerfið er hannað af hugbúnaðar-fyrirtækinu Idega og var fyrst tekið í notkun árið 2004. Í lok ársins 2015 var hafist handa við að hanna nýtt Felix kerfi og var það tekið í notkun í byrjun árs 2017. Nýja kerfið er mun notendavænna og einfaldara í sniðum og boðið er upp á gagnlegar viðbætur í kerfinu er t.d. lúta að skráningum á námskeið,

innheimtu gjalda, o.fl. Kerfið býður upp á öflugna aðgangsstýringu sem gerir félögum kleift að aðgangsstýra kerfinu. Þannig er t.d. hægt að gefa þjálfurum aðgang til að skrá og uppfæra sína iðkendur og allar breytingar sem verða gerast miðlægt sem tryggir að alltaf er verið að horfa á réttar upplýsingar. Kerfið er einnig notað til að senda inn árlegar upplýsingar til ÍSÍ en félögum ber að skila fyrir 15. apríl ár hvert inn félagatali, iðkendatali, upplýsingar um stjórn sem og lykiltölum



úr ársreikningum. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar og á þeim byggir tölfraði íþróttahreyfingarinnar. Þá geta félög, héraðssambönd og sérsambönd sótt sína eigin tölfraði inn í kerfið sem geta m.a. nýst við stefnumótun. Kerfið hefur verið sambandsaðilum til notkunar endurgjaldslaust.

Fararstjóránámskeið

ÍSÍ hefur boðið upp á fararstjóránámskeið á landsvísi í samstarfi við Gústaf Adólf Hjaltason, sem er reynslumikill fararstjóri úr Íþróttahreyfingunni. Gústaf veitir ýmsar gagnlegar upplýsingar til handa þeim fjölmörgu foreldrum og sjálfboðaliðum sem taka að sér fararstjórn innan íþróttahreyfingarinnar. Að ýmsu er að hyggja þegar menn taka að sér hlutverk fararstjóra og í því felst mikil ábyrgð. Námskeiðin hafa verið vel sótt og mælst mjög vel fyrir hjá þátttakendum.

Ríkisstyrkur til sérsambanda ÍSÍ

Frá árinu 2006 hefur ríkið styrkt rekstur sérsambanda ÍSÍ með árlegu framlagi. Framlagið var það sama árið 2015 og 2016 eða 85 milljónir króna hvort ár en hækkar um 10 milljónir króna á Fjárlögum Alþingis 2017. Stuðningur þessi hefur skipt sköpum fyrir sérsamböndin og auðveldað þeim að ráða til sín starfsmann í fullt starf eða hlutastarf. Þrátt fyrir þennan góða stuðning er rekstrargrundvöllur margra sérsambanda

veikburða og ljóst að gera þar enn betur ef sérsamböndin eiga að geta staðið undir kröfum samfélagsins um faglegt starf. Í upphafi var stefnt að því að framlag til sérsambandanna stæði undir launakostnaði við eitt starfsgildi fyrir hvert sérsamband en því markmiði hefur ekki verið náð. Sérsamböndum ÍSÍ fjölgaði um tvö frá síðasta þingi og fyrrsjáanlegt að þeim fjölgi enn frekar í nánustu framtíð.

Smáþjóðaleikar á Íslandi

16. Smáþjóðaleikarnir fóru fram í Reykjavík dagana 1. til 6. júní 2015. Leikarnir voru samstarfsverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, sérsambanda ÍSÍ, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur. Smáþjóðaleikar hafa einu sinni áður verið haldnir á Íslandi, en það var árið 1997. Smáþjóðaleikarnir 2015 eru stærsta verkefni sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur tekið að sér. Um 2.500 manns komu að leikunum með einum eða öðrum hætti, þar af tæplega 800 keppendur. Um 35.000 áhorfendur mættu þessa fimm daga sem keppni fór fram.

Keppt var í ellefu íþróttgreinum á leikunum 2015, en það voru áhaldafimleikar, blak, borðtennis, frjálsíþróttir, golf, júdó, körfuknattleikur, skotíþróttir, sund, strandblak og tennis. Fimleikar og golf voru valgreinar á leikunum 2015 og var þetta í fyrsta skipti sem keppt var í golfi á Smáþjóðaleikum.

Laugardalurinn, í hjarta Reykjavíkur, var aðalvettvangur leikanna þar sem allar ofan taldar greinar nema tennis, golf, riffil- og haglabýssugreinar fóru fram í mannvirkjum í dalnum. Keppni í þeim íþróttgreinum fór fram í Kópavogi, Grafarvogi og í Álfsnesi. Höfuðstöðvar leikanna, veitinga- og fjölmiðlaaðstaða voru einnig staðsett í Laugardalnum.

Segja má að með öllum þeim glæsilegu mannvirkjum sem eru til staðar í Laugardalnum hafi leikarnir á Ís-

landi haft ákveðna sérstöðu þar sem hvergi meðal þátttökupjóðanna er mögulegt að keppa í eins mörgum greinum á eins litlu svæði. Þátttakendur gistu á hótélum í göngufæri frá Laugardalnum, sem gerði allt skipulag varðandi samgöngur einfaldara og ódýrara. Skautahöllinni í Laugardal var breytt í mótuneyti fyrir alla þátttakendur og sjálfboðaliða á meðan á leikunum stóð en



reynslu sem leikarnir gáfu, verður að kallast helsta arfleifð leikanna. Í móttöku sem haldin var 8. desember 2016 var öllum sérsamböndum sem þátt tóku í leikunum



Stjörnuveitingar og Laugaás sáu um allar veitingar á leikunum. Reykjavíkurborg stóð afar vel að endurbótum og uppbyggingu á íþróttamannvirkjum í tengslum við leikana ásamt því að útvega búnað og tæki sem mun koma íþróttahreyfingunni að miklu gagni í framtíðinni. Þessar endurbætur, ásamt þeirri miklu

afhent eintak af verðlaunapeningum leikanna í fallegum ramma til minningar um leikana. Samskonar gjafir voru afhentar fulltrúa mennta- og menningarmálaráðherra, fulltrúa Reykjavíkurborgar og fulltrúa Íþróttabandalags Reykjavíkur, formanni Skipulagsnefndar leikanna og framkvæmdastjóra leikanna.

NÁTTÚRULEGUR KRAFTUR

GULLSAMSTARFSADILAR

SMÁÞJÓÐALEIKARNIR Á ÍSLANDI 1.-6. JÚNÍ 2015



Skipulagsnefnd Smáþjóðaleikanna 2015.

Skipulag

Skipuð var Heiðursnefnd leikanna sem í voru Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti ÍSÍ, Sigríður Jónsdóttir ritari ÍSÍ, Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ.

Í Skipulagsnefnd leikanna sátu Helga Steinunn Guðmundsdóttir formaður, Gunnar Bragason, Líney Rut Halldórsdóttir, Andri Stefánsson, Óskar Þór Ármannsson, Eva Einarsdóttir, Ómar Einarsson, Steinþór Einarsson, Ingvar Sverrisson og Frímenn Ari Ferdinandsson.

Framkvæmdanefnd leikanna fór með umsjón með skipulagi á milli funda

Skipulagsnefndar en í þeirri nefnd sátu Helga Steinunn Guðmundsdóttir formaður, Gunnar Bragason, Líney Rut Halldórsdóttir, Óskar Örn Guðbrandsson, Halla Kjartansdóttir, Andri Stefánsson, Guðmundur Harðarson, Steinunn Anna Í. Tómasdóttir og Friðrik Einarsson.

Framkvæmdastjóri Smáþjóðaleikanna 2015 var Óskar Örn Guðbrandsson.

Góður árangur íslenskra keppenda

Íslenskt íþróttafólk var áberandi á leikunum, en Ísland tefldi fram 170 keppendum sem voru sigursælir á leikunum og settu mörg Íslandsmet og mótsmet. Íslendingar unnu til 115 verðlauna, þar af voru 38 gull, 46 silfur og 31 brons. Þeir urðu þar með efstir á verðlaunatöflunni eftir keppni á Smáþjóðaleikunum 2015. Lúxemborg kom næst með 80 verðlaun, þar af 34 gull, 22 silfur og 24 brons. Kýpur endaði í þriðja sæti með 52 verðlaun, þar af 20 gull, 16 silfur og 16 brons.



Íslenski hópurinn á setningarhátíð Smáþjóðaleika 2015.

Þjóð	Gull	Silfur	Brons	Samtals
Ísland	38	46	31	115
Lúxemborg	34	22	24	80
Kýpur	20	16	16	52
Svartfjallaland	9	4	8	21
Mónakó	7	11	16	34
Liechtenstein	7	9	9	25
Malta	4	9	18	31
Andorra	4	1	6	11
San Marínó	0	6	6	12





Frá undirritun samsstarfssamninga við Gullsamstarfsaðila Smáþjóðaleikanna 2015.

Samstarfsaðilar

Gullsamstarfsaðilar leikanna voru tíu talsins; Advania, Askja, Bílaleiga Akureyrar, Europcar, Bláa Lónið, Eimskip, Icelandair Group, Íslandsbanki, Vífilfell, Vodafone og ZO-ON. Stuðningur samstarfsaðila, fyrirtækja og opinberra aðila, skipti sköpum fyrir framkvæmd

leikanna. Án þeirra hefðu leikarnir ekki orðið að veruleika. Olís, Heimilis-tæki, Securitas, Northwear, Valitor og Kynnisferðir studdu einnig vel við framkvæmd leikanna með búnaði og vinnuframlagi.



Merki leikanna


Merki leikanna var hannað af Loga Jes Kristjánssyni hönnuði og fyrirverandi afreksmanni í sundi. Það hefur víðtæka skírskotun í náttúru Íslands og umhverfisvæna stefnu leikanna. Í merkinu má sjá eldfjall, hálandissanda, grænan gróður, haf og ís. Formin eru hörð og óregluleg eins og lagskipting náttúrunnar. Grunnlitir í merkinu tákna liti allra þjóðfána þeirra þjóða sem taka þátt í Smáþjóðaleikunum.

Náttúrulegur kraftur

Þema leikanna var „Náttúrulegur kraftur“. Hönnunarteymi leikanna, Elsa Nielsen og Logi Jes Kristjánsson hannaði auglýsinga- og kynningar-efni undir þessu slagorði sem vakti athygli bæði hér á landi og hjá öðrum þátttökubjóðum leikanna. Leikarnir voru auglýstir á veggspjöldum með myndum af íslensku íþróttafólki og íslenskri náttúru. Hugmyndin var að sýna sameiginlegan kraft íslensku náttúrunnar og íþróttafólksins. Myndirnar höfðu einnig beina skírskotun í umhverfisvæna stefnu leikanna og tengingu í merki leikanna. Veggspjöldin prýddu m.a. borgarstanda í Reykjavík á meðan á leikunum stóð og minntu þannig borgarbúa á þessa skemmtilegu leika og íslenskt íþróttafólk.

Allt kynningar- og markaðsferni fyrir leikana var samræmt og hannað af

hönnunarteymi leikanna og gerði það umgjörð leikanna afar glæsilega.





Ráðherrafundur

Ráðherrar allra þáttökulanda Smáþjóðaleika funduðu, ásamt forsetum viðkomandi ólympíunefnda 1. júní 2015 í Hörpu. Helsta efni fundarins var að ræða sameiginlega yfirlýsingu undir yfirskriftinni „Heiðarleiki í íþróttum á okkar tímum og í framtíðinni“ og helstu úrlausnarefni sem yfirvöld íþróttamála standa frammi fyrir. Yfirlýsingin var samþykkt og hana má sjá á heimasíðum ÍSí og mennta- og menningarmálaráðuneytis.



Ráðherrar og forsetar ólympíunefnda smáþjóða að loknum fundi í Hörpu.



Blossi, lukkuðyr Smáþjóðaleikanna 2015 og hönnuðir Blossa, Elsa Nielsen og Logi Jes Kristjánsson.

Blossi - lukkuðyr Smáþjóðaleikanna 2015

Lukkuðyr leikanna var hannað af hönnuðunum og ólympíuförum Elsa Nielsen og Loga Jes Kristjánssyni. Lukkuðyrið ber sterk einkenni frá náttúru landsins, eldgosum, jöklum, hafi, mosa og stuðlabergi. Þegar 100 dagar voru til leikanna hlaut lukkuðyrið nafnið Blossi í kjölfar nafnasamkeppni í 4.-7. bekkjum í grunnskólum landsins. Nafnið var

valið úr 140 tillögum og vinningshafinn var 5.H.G. bekkur Njarðvíkurskóla. Blossi var mjög vinsæll hjá ungum sem öldnum og spilaði stórt hlutverk á leikunum, bæði til að vekja upp stemmningu og sem auglýsing fyrir leikana. Blossi er enn eftirsóttur og duglegur að mæta á viðburði ÍSí.



Eldstæðið

Eldstæði leikanna var sótt í íslenska náttúru. Eggert Karlsson kvikmyndagerðarmaður sá um að útfæra hugmynd Skipulagsnefndar leikanna um eldstæði sem var samsett úr efnum úr íslenskri náttúru. Eldurinn sjálfur logaði upp úr hraunstrýtu sem stóð á áberandi stað við Laugardalshöll. Í kringum strýtuna var íslenskt hraun og jökulmoli úr Jökulsárlóni. Eldstæðið skapaði fallega umgjörð og var miðpunktur myndatöku hjá þátttakendum.





Sjálfbóðaliðar

Störf sjálfbóðaliða skipuðu mikilvægan sess í undirbúningi og framkvæmd Smáþjóðaleikanna. Sjálfbóðaliðastörf voru fjölbreytt og reyndu á mismunandi hæfileika og kunnáttu. ÍSÍ útvegaði sjálfbóðaliðum glæsilegan fatnað frá ZO-ON sem þeir klæddust við störf sín á leikunum og fengu síðan til eignar. Slagorð sjálfbóðaliðaverkefnisins var „Býr kraftur í þér?“. Um 1.100 sjálfbóðaliðar skráðu sig til leiks og skiluðu þeir um 27 þúsund klukkustundum í vinnu sem teljast í kringum 13 ársverk miðað við 8 klst. vinnudag, 5 daga vikunnar. Allir sjálfbóðaliðar á leikunum stóðu sig með mikilli þrýði og án þeirra hefðu leikarnir ekki tekist eins vel og raun bar vitni.



Brynja Guðjónsdóttir að störfum en hún hafði umsjón með sjálfbóðaliðum á leikunum og skilaði miklu starfi í undirbúningi og framkvæmd leikanna.

Móttökur



Forsetahjónin taka á móti Albert prins af Mónakó sem einnig gegnir embætti forseta Ólympíunefndar Mónakó.

Ýmsar móttökur voru haldnar í tengslum við leikana. Mennta- og menningarmálaráðherra bauð til kvöldverðar fyrir gesti leikanna á veitingahúsinu Nauthóli kvöldið fyrir setningu leikanna. Forseti Íslands bauð gestum ÍSÍ til móttöku á Bessastöðum fyrir setningarhátíð leikanna 1. júní og borgarstjóri bauð til móttöku í Ráðhúsi Reykjavíkur eftir setningarhátíðina. Sameiginlegur kvöldverður ráðuneytis og ÍSÍ var svo í golfskála Golfklúbbs Reykjavíkur í Grafarholti þann 2. júní. Að lokinni lokahátíð leikanna 6. júní bauð ÍSÍ til móttöku í hátíðarsal Knattspyrnusambands Íslands á Laugardalsvelli.



Setningar- og lokahátíð

Setningarhátíð Smáþjóðaleikanna fór fram við hátíðlega athöfn í Laugardalshöllinni 1. júní 2015. Hátíðin var aðeins fyrir þátttakendur og boðsgesti, en hún var sýnd beint á RÚV. Ákveðið var að halda hátíðina innandyra, þar sem veðrið á Íslandi er óútreiknanlegt. Þóra Arnórsdóttir var kynnis setningarhátíðarinnar og Páll Óskar sá um að koma fólki í salnum í gott stuð í flottu opunaratriði sem innblásið var af íslenski náttúru. Auk Páls Óskars á sviðinu voru fjölmargir dansarar sem

tóku þátt í vel heppnuðu og flottu atriði. Meðal gesta voru m.a. leiðtogar frá þeim löndum sem tóku þátt á Smáþjóðaleikunum 2015 og forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff. Þjóðirnar gengu fylktu liði inn í salinn ein af annarri og var það fyrirliði íslenska landsliðsins í körfuknattleik, Hlynur Bæringsson, sem fór fyrir íslenska hópnum sem fánaberi. Eftir að keppnislíðin höfðu fengið sér sæti ávörpuðu Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ og Marc Theisen fulltrúi frá Evrópu-

sambandi Ólympíunefnda þátttakendur og gesti.

Áður en Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands setti leikana formlega var eldstæði Smáþjóðaleikanna tendrað. Ragnheiður Runólfsdóttir tendraði eld leikanna frá sviði Laugardalshallarinnar og var þetta mikið sjónarspil sem áhorfendur fylgdust með á stórum skjám inni í salnum. Páll Óskar endaði síðan vel heppnaða athöfn með laginu International.

Fjármál

Upphafleg kostnaðaráætlun Smáþjóðaleikanna var tæpar 600 milljónir króna. Tekjur leikanna fólust í þátttökugjöldum og styrkjum frá Ólympíuheyfingunni, samstarfsaðilum og opinberum aðilum. Til viðbótar við beinan rekstur leikanna þá komu ýmsar tekjur inn í þjóðfélagið því til landsins komu á eigin vegum margir fulltrúar íþróttahreyfingar viðkomandi þátttökþjóða, fjölskyldumeðlimir íþróttamanna, blaðamenn og þjóðhöfðingjar. Þessir aðilar keyptu m.a. flugfargjöld,

hótelgistingu, mat, akstur og skoðunarferðir. Þá má ekki gleyma ómetanlegu framlagi sjálfboðaliða. Þrátt fyrir aðhald í rekstri og mun minni kostnað en áætlaður var varð á endanum rúmlega 31 m.kr. tap af leikunum sem fyrst og fremst skýrist af minni tekjum af þátttökugjöldum en ráð var gert fyrir. Regluverk leikanna gerir mótshaldara hverju sinni mjög erfitt fyrir þar sem ekki er nógu skýrt kveðið á um að fjárhagsskuldbinding sé við svokallaða loka fjöldaskráningu (e. Final entry by number). Þannig fækkaði verulega í þátttakendahópi einstakra þjóða eftir að endanlegur fjöldi hótélherbergja

hafði verið staðfestur með samningum og þar með orðin fjárhagsleg skuldbinding skipuleggjenda við hótelin. ÍSÍ hefur leitað leiða til að leiðrétta þennan galla í regluverki leikanna. Ljóst er að tilkoma Evrópuleika, sem hófust aðeins örfáum dögum eftir að Smáþjóðaleikunum var slitið, setti strik í reikninginn varðandi þátttöku í leikunum. Verkföll á íslenskum vinnumarkaði síðustu tvo mánuði fyrir leika gerðu skipuleggjendum erfitt fyrir að afla leikunum fjárstuðning og óvissan með flug til og frá landinu vegna verkfalla alveg fram undir leika dró verulega úr þátttöku gesta og annarra þátttakenda.

Lyfjæftirlit ÍSÍ

Lyfjæftirlit er sem fyrr mikilvægur málaflokkur innan ÍSÍ. Verkaskipting er þannig að Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ fer með skipulagningu og framkvæmd lyfjæftirlits en Lyfjaráð ÍSÍ fer með ákærvald í málum er varða brot á lyfjareglum. Í sameiningu sjá svo Lyfjaráð og Lyfjæftirlitsnefnd um fræðslu og kynningarmál tengdum lyfjamisnotkun og lyfjæftirliti.

Lyfjæftirlit ÍSÍ tekur einnig að sér framkvæmd lyfjaprófa á alþjóðlegum mótum sem haldin eru á Íslandi. Auk þess er samstarf á milli norrænna lyfjæftirlitsstofnanna og fleiri erlendra aðila um framkvæmd lyfjaprófa. Lyfjæftirlit ÍSÍ var framkvæmdaraðili lyfjaprófana á Smáþjóðaleikunum 2015 sem haldnir voru á Íslandi og er það eitt umfangsmesta verkefni sem lyfjæftirlitið hefur tekið að sér.

Auk framkvæmdar lyfjaprófa eru ýmis verkefni sem Lyfjæftirlit ÍSÍ fæst við. Meðal annars hafa verið haldnir fjölmargir fræðslufyrirlestrar fyrir íþróttafólk og fyrir keppnisferðir erlendis. Síðastliðna vetur hefur Lyfjæftirlitsnefnd boðið framhalds- og háskólum landsins uppá fræðslu um lyfjæftirlitsmálefni og hefur áhugi almennt á lyfjamálum aukist vegna hneykslismála tengdum lyfjamisnotkun á heimsvísu sem og vegna hættunnar á notkun fæðubótarefna.

Bannlisti Alþjóðalyfjæftirlitsins (WADA) er uppfærður árlega. Sérstök undanþágunefnd sem fer yfir og metur umsóknir um undanþágur vegna notkunar efna á bannlistanum af læknisfræðilegum ástæðum er starfandi á vegum Lyfjaráðs ÍSÍ. Þann 1. janúar 2015 tóku gildi breytingar á Alþjóðalyfjareglunum og samhliða því voru Lög ÍSÍ um lyfjamál uppfærð. Þær reglur gilda í sex ár frá þeim degi. Lögin hlutu gagngera endurskoðun og voru uppfærð með því markmiði að styrkja lyfjæftirlit



Fulltrúar norrænna lyfjæftirlitsstofnanna funduðu á Íslandi og fóru við tilefnið í Hörpu.



og reyna að sporna enn fremur gegn lyfjamisnotkun í íþróttum. Meðal helstu atriða sem breyttust í nýjum Alþjóðalyfjareglum er að nú er hægt að dæma í lengra bann fyrir vísvitandi notkun, reglur skýrari varðandi refsingu aðstoðarfólks íþróttamanna fyrir þeirra þátt í lyfjamisnotkun og texti reglnanna hefur verið einfaldaður og styttr.

Vefsíða Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ er www.lyfjæftirlit.is og þar er hægt að nálgast upplýsingar um helstu lög og reglur sem unnið er eftir. Starfsmaður Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ er Birgir Sverrisson.

Í september 2016 var árlegur fundur norrænna lyfjæftirlitsstofnanna haldinn í húsakynnum ÍSÍ. Fundur

þessi er haldinn á hverju ári og það var í höndum Lyfjæftirlits ÍSÍ að skipuleggja fundinn að þessu sinni. Norræna samstarfið á rætur sínar að rekja allt til 9. áratugarins og árið 1994 var undirritað samkomulag um samræmingu lyfjæftirlits á Norðurlöndunum sem stendur enn í dag. Samkomulagið snýst meðal annars um að samræma aðferðir við lyfjaprófanir sem og fræðslu, rannsóknir og að hafa sameiginlega rödd í því alþjóðasamstarfi er snertir lyfjamál. Norðurlöndin hafa auk þess á milli sín gildandi samkomulag um lyfjaprófanir á milli landanna, þ.e. hvert land getur beðið um að láta framkvæma lyfjapróf fyrir sína hönd í hverju landi fyrir sig. Fundurinn tókst vel og ákveðið var að skerpa á ýmsum atriðum enda eru lyfjamál í stöðugri skoðun á alþjóða grundvelli. Einnig var haldinn fundur NAPMU (Nordic Athlete Passport Management Unit) sem er sú eining innan norrænna samstarfsins sem greinir svokölluð vegabréf íþróttamanna en þau innihalda blóð- og steragildi í lífsýnum.



Íþróttamenn og íþróttakonur sérgreina ÍSí 2015.

Íþróttamaður ársins

Sameiginlegt hóf ÍSí og Samtaka íþróttافرéttamanna (Sí) fór fram í Hörpu 30. desember 2015. Íþróttamenn og íþróttakonur sérsambanda og íþróttanefnda ÍSí voru þar heiðruð með veglegum bikurum sem gefnir voru af Ólympíufjölskyldu ÍSí. Eygló Ósk Gústafsdóttir sundkona var kjörin Íþróttamaður ársins 2015 af Sí sem einnig veittu viðurkenningu til Þjálfara ársins 2015, Heimis

Hallgrímssonar landsliðsþjálfara í knattspyrnu og til Liðs ársins 2015, karlalandslíðs Íslands í knattspyrnu. Þann 29. desember 2016 fór hófið einnig fram í Hörpu. Íþróttamenn og íþróttakonur sérsambanda og íþróttanefnda ÍSí voru þar heiðruð líkt og áður og má finna á vefsíðu ÍSí frekari upplýsingar um þá sem hafa hlotið þá nafnbót. Bein útsending var frá hófinu á RÚV2 rásinni og er það

í fyrsta skipti sem sýnt er beint frá hófi ÍSí. Samtök íþróttافرéttamanna tilkynntu úrslit kjörs þeirra um Íþróttamann ársins 2016. Gylfi Þór Sigurðsson knattspyrnumaður hlaut titilinn að þessu sinni, titilinn Þjálfari ársins 2016 hlaut Dagur Sigurðsson handknattleiksþjálfari í Þýskalandi og Lið ársins 2016 var karlalandslíð Íslands í knattspyrnu.



Íþróttamenn og íþróttakonur sérgreina ÍSí 2016.

Fundur nefndar EOC um Evrópumálefni

Nefnd Evrópusambands Ólympíu-nefnda (EOC) um Evrópumálefni (EOC EU Commission) fundaði í október 2016 á EU-skrifstofu samtakanna í Brussel. Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ á sæti í nefndinni. Farið var yfir helstu málefni sem skrifstofan hefur til umfjöllunar svo sem innleiðingu IOC Agenda 2020, styrki til Ólympíu-nefnda, EU Sport Model og verkefni um góða stjórnunarhætti. Nefndin kynnti niðurstöður fundarins á aðalfundi EOC í Minsk í Hvíta-Rússlandi dagana 20.-21. október 2016.



Valentin Capelli, Matthias Van Baelen, Folker Hellmund, Rusika Aptsiauri frá Georgíu, Niels Nygaard frá Danmörku, Juri Tamm frá Eistlandi og Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ.

Norrænir fundir íþróttasamtaka



Þátttakendur ÍSÍ í norrænum fundi íþróttasamtaka sem haldinn var í Helsinki 2016.

Norrænn fundur íþrótt- og ólympíu-samtaka var haldinn í Helsinki dagana 23.-25. september sl. Fundinn sóttu af hálfu ÍSÍ Lárus L. Blöndal forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ. Á fundinum voru rædd ýmis sameiginleg hagsmunamál er varða íþróttahreyfinguna, svo sem íþróttir og glæpir, innflytjendur og flóttafólk, afreksmiðstöðvar, stórir

íþróttaviðburðir og konur í leiðtogastörfum í íþróttahreyfingunni svo eitthvað sé nefnt. Farið var yfir helstu verkefni hvers sambands fyrir sig og lagðar fram skýrslur um starfsemi sambandanna. Þessir samráðsfundir eru afar mikilvægir og gefa gott tækifæri til að skiptast á upplýsingum um málefni sem eru efst á baugi hverju sinni.

Dr. Viðar Halldórsson félagsfræðingur hélt fyrirlestur á fundinum sem bar yfirskriftina „Against all odds:

Iceland's success in sports“ og fjallaði um eftirtektarverðan árangur Íslands í hópiþróttagreinum.

Á fundinum var samþykkt sameiginleg yfirlýsing sem hljóðar svo:

„Við, norrænu íþróttasamtökin, samþykkjum að vinna saman gegn lyfjamisnotkun í íþróttum. Það er okkar meining að efla verði Alþjóða lyfjæftirlitsstofnunina (WADA) með sameiginlegu átaki óháðu íþróttasamtakanna, Lyfjæftirlitsamtaka hverrar þjóðar (NADOS) og stjórnvalda til að tryggja áhrifaríkt lyfjæftirlit og við lýsum okkur tilbúin til að styðja það starf. Sjálfstætt og einnig með samvinnu munum við vinna að því að efla stöðu kvenna í leiðtogastörfum í íþróttum, bæði hérlendis sem erlendis.“

Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfesti ofangreinda yfirlýsingu á fundi sínum 13. október sl.

Árið 2015 var fundurinn haldinn í Álaborg í Danmörku. Fundinn sóttu Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ. Í tengslum við fundinn sóttu þau norræna íþróttaráðstefnu sem skipulögð var af Norðurlandaráði.

Árspaning EOC

Árspaning Evrópusambands ólympíunefnda (EOC) fór fram í Prag í Tékklandi 20.-21. nóvember 2015. Fundinn sóttu Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri. Á fundinum var farið yfir helstu verkefni EOC á liðnu ári og ársreikningar samtakanna samþykktir. Farið var yfir stöðu á undirbúningi þeirra leika sem framundan voru, svo sem Vetrarólympíuleika ungmenna í Lillehammer og Sumarólympíuleikanna í Ríó, Ólympíuhátíðir Evrópuæskunnar og Evrópuleika. Helga Steinunn flutti lokaskýrslu um Smáþjóðaleikana 2015 á fundinum. Næsta árspaning EOC var haldið í Minsk í Hvíta-Rússlandi 20.-21. október

2016. Þingið sóttu Lárus L. Blöndal og Líney Rut Halldórsdóttir. Á þinginu var meðal annars ákveðið að næstu Evrópuleikar verði haldnir í Minsk árið 2019, að Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2021 verði haldin í Vuokatti í Finnlandi og að Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2021 verði haldin í Košice í Slóvakíu.

Nýtt merki EOC var kynnt á árspaninginu en merkið er formað af 50 ólíkum mósaík bútum sem endurspeglar aðildarríkin 50. 25 ára saga Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar var kynnt í máli og myndum. Samþykkt var að afhenda Emmanouil Karalis, 17 ára stangarstökkvara frá Grikklandi, Piotr Nurowski verðlaunin sem Besti evrópski ungi íþróttamaður sumarsins 2016.



Á þinginu kom m.a. fram að evrópskt íþróttafólk vann 48% allra verðlauna á Ólympíuleikunum í Ríó. Líney Rut, sem er formaður eftirlitsnefndar EOC vegna Vetrarólympíuhátíðar Evrópuæskunnar 2017, flutti skýrslu um störf nefndarinnar og stöðu mála varðandi leikana. Þing EOC eru haldin árlega í nóvember. Næsta árspaning EOC verður í Zagreb í Króatíu árið 2017.

Árspaning ANOC

Tuttugasta árspaning Heimssambands Ólympíunefnda (ANOC) var haldið í Washington í október 2015. Aðaláhersla ANOC á þinginu voru umbætur og nýsköpun í íþróttahreyfingunni. Þingið var það fjölmennasta frá upphafi en um 1.200 fulltrúar 204 Ólympíunefnda og fjölda íþróttasamtaka sóttu þingið. Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ var fulltrúi ÍSÍ á fundinum. Forseti ANOC, Sheikh Ahmad, lýsti yfir fullum stuðningi sínum við bæði Stefnu Ólympíunefndarinnar 2020 (Olympic Agenda 2020) og þá tillögu sem fram hefur komið nýlega að koma á fót sjálfstæðu lyfjakerfi. Á fundinum var einnig einróma samþykkt að fyrstu ANOC World Beach Games yrðu haldnir í San Diego árið 2017.

Aðalfundur ANOC 2016 fór fram í Qatar í nóvember 2016. Fundinn sóttu yfir 1.200 þátttakendur frá 205 þjóðum. Auk hefðbundinna dagskrárlíða fóru fulltrúar Ólympíusamhjalparinnar ítarlega yfir styrktarkerfi fyrir næstu ólympíuöðu 2017-2020. Ákveðið



Helga Steinunn Guðmundsdóttir og Líney Rut Halldórsdóttir á árspaningi ANOC 2016.

var að fresta World Beach Games um um tvö ár til þess að gefa Ólympíunefndum og íþróttafólki meiri tíma til þess að undirbúa þátttöku sína. Helga

Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti ÍSÍ og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ sátu fundinn fyrir hönd ÍSÍ.



Ólympíufjölskylda ÍSÍ

Ólympíufjölskyldan hefur til margra ára stutt dyggilega við bakið á ÍSÍ og íslenskri íþróttahreyfingu, með það að markmiði að efla íslenskt íþróttalíf og þátttöku Íslands á erlendum vettvangi. Frá upphafi hafa fjögur fyrirtæki myndað Ólympíufjölskyldu ÍSÍ en það eru Icelandair, Íslandsbanki, Sjóvá og Valitor. Hefur stuðningur þeirra skipt afar miklu máli í starfi ÍSÍ og samstarfið verið afar farsælt.

Í apríl 2017 var undirritaður nýr samstarfssamningur við fyrirtæki í Ólympíufjölskyldu ÍSÍ fyrir tímabilið 2017-2020. Íslandsbanki dró sig úr samstarfinu en samningar tókust við Arion banka. Einnig var ákveðið að fjölga samstarfsaðilum í Ólympíufjölskyldunni um eitt fyrirtæki. Í kjölfar samninga Alþjóðaólympíunefndarinnar við Toyota International var leitað til Toyota á Ís-

landi um að koma að Ólympíufjölskyldu ÍSÍ og gekk það eftir. Fyrirtækin sem mynda Ólympíufjölskyldu ÍSÍ 2017-2020 eru því Arion banki, Icelandair, Sjóvá, Toyota á Íslandi og Valitor. Fyrirtækin í Ólympíufjölskyldunni koma einnig að einstökum árlegum verkefnum ÍSÍ sem tengjast almenningsíþróttum sem og afreksíþróttum.



Til stuðnings góðum málsstað

Íslensk getsþá hefur átt því láni að fagna að landsmenn hafa stutt vel við eigendur félagsins með því að spila reglulega í lottóleikjum. Árið 2016 var afar gott rekstrarár í sögu Íslenskrar getsþár. Reyndar það besta í sögunni. Góð og stöðug sala í leikjum félagsins einkenndi reksturinn. Hagnaður ársins, tæpur 1,8 milljarður, endurspeglar góða sölu og vöxt. Eignaraðilar eru þakklátir fyrir svo góðan árangur en vert er að minna á að sveiflur geta verið miklar í rekstri sem þessum og því er mikilvægt að eignaraðilar séu viðbúnir þegar sveiflur í rekstri verða ekki eins haggfelldar. Rekstur Íslenskra getrauna er mun minni um sig en rekstur Getsþár en jafnframt afar mikilvægur. Hagnaður til íþróttahreyfingarinnar nam 81 milljón króna á árinu 2016. Rekstur Getrauna er mun viðkvæmari vegna ólöglegar erlendra spilunar. Þessir aðilar hafa fengið að starfa hérlendis óárettir þrátt fyrir að lög kveði á um annað. Ísland er komið á kortið sem sterkt og vaxandi efnahagslegt samfélag með afar góð lífsskilyrði. Það eitt gerir landið spennandi valkost fyrir alþjóðleg veðmálafyrirtæki. Þrátt fyrir að eftir því hafi verið gengið í mörg ár að starfsemi þessara fyrirtækja hér á landi verði stöðvuð, t.d.



með banni á greiðslumiðlun, þá hafa stjórnvöld og Alþingi ekki brugðist við. Milljarðar streyma þannig úr landi til aðila sem hafa engar samfélagslegar skyldur.

Á undanförunum árum hafa félögin staðið fyrir verulegum endurbótum á hugbúnaði, vélbúnaði og sölukerfum félaganna. Nú er stefnt að loka-hnykknum í fjárfestingum þessum á árunum 2017-2020 með fjárfestingu í nýju stjórnkerfi. Fjárfestingar þessar styðja við framtíðarmöguleika félaganna á happdrættismarkaði og tryggja tæknilega yfirburði gagnvart innlendum samkeppnisaðilum. Fulltrúar ÍSÍ í stjórn Íslenskrar getsþár eru þeir Lárus L. Blöndal og Gunnar Bragason. Aðrir stjórnarmenn

eru Vífill Oddsson og Þóra Þórarinsdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands og Örn Guðnason frá Ungmennafélagi Íslands. Fulltrúi ÍSÍ í stjórn Íslenskra getrauna er Hafsteinn Pálsson. Aðrir í stjórn eru Geir Þorsteinsson frá KSÍ, Lilja Sigurðardóttir frá ÍBR, Auður Inga Þorsteinsdóttir frá UMFÍ og Óskar Þór Ármannsson frá Íþróttanefnd ríkisins. Stöndum saman um að verja hagsmunum íþróttahreyfingarinnar, stöndum saman um áframhaldandi þróun og nýjungar og gleymum aldrei þeim góða málsstað sem við viljum verja í þágu íþróttar, öryrkja og ungmenna. Íþróttaförystufólki öllu er þakkað samstarfið og þau mikilvægu störf sem það innir af hendi í þágu íslensks samfélags.

Ferðasjóður Íþróttafélaga

Á árinu 2007 samþykkti ríkisstjórn Íslands að koma á fót Ferðasjóði íþróttafélaga innan vébanda ÍSÍ og var ÍSÍ falin umsjón og umsýsla sjóðsins. Sjóðnum er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrótt- og forvarnarstarf. Markmið sjóðsins er einnig að stuðla að öruggum ferðamáta íþróttafólks. Árlega, í febrúar/mars, er styrkjum vegna keppnisferða ársins á undan úthlutað. Styrkurinn er greiddur beint til viðkomandi íþróttafélaga og deilda. Vinnuhópur ÍSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga gerir tillögu að árlegri úthlutun til framkvæmdastjórnar ÍSÍ sem staðfestir endanlega úthlutun í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Öll íþrótt- og ungmennafélög innan vébanda ÍSÍ geta sótt um styrki úr sjóðnum

Samtals úthlutað 2007-2017

Íþrótt	Samtals
Akstursíþróttir	256.610
Badminton	913.611
Blak	37.129.197
Bogfimi	19.843
Borðtennis	149.041
Dans	76.420
Fimleikar	13.514.628
Frjálsíþróttir	8.725.403
Glíma	1.776.211
Golf	3.507.760
Handknattleikur	132.791.711
Hestaíþróttir	156.838
Hjólreiðar	170.271
Íshökkí	14.126.024
Íþróttir fatlaðra	3.142.079
Júdó	1.898.796
Karate	243.403
Keila	2.166.755
Knattspyrna	324.331.659
Kraftlyftingar	468.683
Körfuknattleikur	78.488.635
Lyftingar	35.650
Mótorhjóra- og snjósleðaíþróttir	973.344
Siglingar	56.812
Skautaiþróttir	8.707.345
Skíðaíþróttir	8.585.370
Skotfimi	469.107
Sund	2.771.755
Taekwondo	1.142.686
Samtals	646.795.647

vegna keppnisferða á fyrirfram skilgreind styrkhæf mót hvers árs.

Til úthlutunar vegna keppnisferða árið 2015 voru 82 millj. króna. Alls bárust 245 umsóknir að þessu sinni til sjóðsins vegna 2.742 ferða, frá 118 íþróttafélögum úr 22 íþróttahéruðum af 25. Heildarkostnaður umsókna var kr. 427.990.778,-.

Til úthlutunar vegna keppnisferða ársins 2016 voru 97 millj. króna. Alls bárust 246 umsóknir að þessu sinni til sjóðsins vegna 3.252 ferða, frá 120 íþróttafélögum úr 22 íþróttahéruðum af 25. Heildarkostnaður umsókna var kr. 464.895.850,-.

Tíu ár eru frá því að Ferðasjóður íþróttafélaga var settur á laggirnar og er óhætt að segja að sjóðurinn hafi skipt sköpum í starfsemi margra íþróttafélaga, ekki síst á landsbyggðinni. Framlag ríkisins til sjóðsins hefur hækkað um 100 milljónir króna á þessum tíu árum og er íþróttahreyfingin afar þakklát ríkisvaldinu fyrir mikinn og þverpólítískan stuðning við þetta mikla hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar í landinu.

Úthlutun pr. íþróttagrein

Íþrótt	Úthlutun 2015	Úthlutun 2016
Akstursíþróttir		
Badminton	109.842	89.868
Blak	4.985.610	6.871.663
Borðtennis	26.831	15.630
Bogfimi	0	19.843
Fimleikar	2.701.237	2.981.053
Frjálsíþróttir	881.049	789.996
Glíma	79.535	232.286
Golf	468.137	640.975
Handknattleikur	18.053.602	19.145.317
Hestaíþróttir	8.500	7.259
Hjólreiðar	0	0
Íshökkí	2.964.574	2.624.684
Íþróttir fatlaðra	353.575	467.508
Júdó	191.130	262.894
Karate	73.324	105.539
Keila	723.481	592.888
Knattspyrna	38.867.205	45.853.818
Kraftlyftingar	163.955	140.356
Lyftingar	0	4.523
Körfuknattleikur	9.506.789	14.883.180
Skautaiþróttir	390.066	50.878
Skíðaíþróttir	708.159	960.323
Skotíþróttir	118.236	36.357
Sund	604.574	217.608
Taekwondo	19.541	4.431
Samtals	81.998.952	96.998.877

Samtals úthlutað 2007-2017

Samband	Samtals
HHF	653.280
HSB	156.026
HSH	22.045.676
HSK	23.597.163
HSS	57.456
HSV	28.189.100
HSP	18.727.759
ÍA	3.458.650
ÍBA	153.820.098
ÍBH	20.510.302
ÍBR	89.355.247
ÍBV	66.520.650
ÍRB	9.746.738
ÍS	8.540.484
UDN	11.570
UÍA	80.790.819
UÍF	8.243.146
UMSB	1.761.772
UMSE	6.691.683
UMSK	49.140.755
UMSS	24.774.634
USAH	1.327.667
USÚ	26.440.269
USVH	2.215.634
USVS	19.069
Samtals	646.795.647

Úthlutun pr. íþróttahérað

Samband	Úthlutun 2015	Úthlutun 2016
HHF	196.936	40.210
HSB	0	0
HSH	2.344.560	2.760.638
HSK	2.940.714	2.337.097
HSS	11.190	28.174
HSV	3.533.149	5.692.603
HSP	2.060.328	2.871.760
ÍA	315.310	676.626
ÍBA	22.950.911	23.973.996
ÍBH	2.532.673	2.841.289
ÍBR	9.623.077	12.532.638
ÍBV	8.273.135	8.243.526
ÍRB	1.060.625	1.634.006
ÍS	952.712	1.397.586
UDN	0	0
UÍA	11.097.487	14.464.011
UÍF	816.917	670.424
UMSB	61.201	368.782
UMSE	1.099.883	906.639
UMSK	5.868.466	6.691.404
UMSS	2.926.497	4.521.835
USAH	16.178	44.841
USÚ	2.849.146	3.733.582
USVH	467.857	567.210
USVS	0	0
Samtals	81.998.952	96.998.877

Endurgreiðslur vegna íþróttaslysa

ÍSí hefur, samkvæmt samkomulagi við velferðarráðuneyti frá árinu 2002, haft umsjón með endurgreiðslum á kostnaði íþróttaiðkenda vegna íþróttaslysa. Framlag á Fjárlögum Alþingis til ÍSí vegna endurgreiðslna á íþróttaslysum var það sama árið 2015 og 2016, 17 milljónir króna.

Árið 2015 samþykkti framkvæmdastjórn ÍSí að hækka endurgreiðsluhlutfall kostnaðar sem stofnað hefur verið til frá og með 1. ágúst 2015 upp í 80%. Endurgreiðsluhlutfall vegna kostnaðar sem stofnað var til fyrir 1. ágúst 2015 er 50%. Reglugerð ÍSí um greiðslu bóta vegna íþróttaslysa er að finna á heimasíðu ÍSí.

Afrekskvennasjóður Íslandsbanka og ÍSí/ Styrktarsjóður Íslandsbanka og ÍSí



Við úthlutun úr Afrekskvennasjóði fyrir árið 2015.

Síðasta úthlutun úr Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSí var í lok árs 2015. Í framhaldinu tók við nýr sjóður, Styrktarsjóður Íslandsbanka og ÍSí sem styrkir ungt og efnilegt íþróttafólk af báðum kynjum. Tilgangur Afrekskvennasjóðsins var að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum og gera þeim kleift að stunda íþrótt sína af krafti en Styrktarsjóður Íslandsbanka

og ÍSí styður við bakið á ungu og efnilegu íþróttafólki af báðum kynjum. Fyrsta úthlutun úr nýja sjóðnum var tilkynnt í útibúi Íslandsbanka á Granda þann 13. desember 2016. Sjóðsstjórn skipa þær Helga H. Magnúsdóttir formaður, Elsa Nielsen og Kristín Rós Hákonardóttir en þær sátu einnig í stjórn Afrekskvennasjóðs Íslandsbanka og ÍSí.

Verkefnasjóður ÍSí

Verkefnasjóður ÍSí úthlutar á hverju ári styrkjum til þjálfara sem hyggjast sækja námskeið eða fræðslu erlendis, auk þess að styðja við verðug útbreiðslu- og kynningarverkefni á landsvísi.

Reglugerð sjóðsins er að finna á heimasíðu ÍSí.




Á meðfylgjandi mynd má sjá styrkþega Styrktarsjóðs Íslandsbanka og ÍSí ársins 2016 eða fulltrúa þeirra ásamt Helgu H. Magnúsdóttur formanni sjóðsstjórnarinnar, Helgu Steinunni Guðmundsdóttur varaforseta ÍSí og Björgvini Inga Ólafssyni framkvæmdastjóra viðskipta og þróunar hjá Íslandsbanka.

Afrekssjóður ÍSÍ

Styrkveitingar Afrekssjóðs ÍSÍ hafa hækkað töluvert á síðustu árum, samhliða auknu framlagi ríkisins til sjóðsins. Þannig var úthlutað rúmum 125 m.kr. til sambandsaðila ÍSÍ árið 2015, tæpum 153 m.kr. árið 2016 og fyrir árið 2017 hefur nú þegar verið úthlutað rúmum 150 m.kr. til 26 sérsambanda ÍSÍ en um 100 m.kr. til viðbótar verður úthlutað síðar á árinu. Í reglugerð sjóðsins kemur fram að styrkir séu veittir til sérsambanda ÍSÍ vegna verkefna þeirra, hvort heldur sé um að ræða hópa eða einstaklinga og því er íþróttafólkið sjálf ekki að fá styrkina heldur er þannig verið að styrkja sérstaklega verkefni sem snúa að viðkomandi íþróttafólki. Á undanförunum árum hefur verið skerpt á hlutverki sérsambanda ÍSÍ í þessu ferli og þeirri ábyrgð sem hvílir á stjórn sérsambands varðandi afreksstarfið. Umsóknarferlinu hefur verið breytt, bæði hvað varðar þau eyðublöð sem notuð eru við umsóknir og skýrsluskil, sem og hvað varðar fundarhöld og

samskipti milli stjórnar sjóðsins og fulltrúa sérsambanda ÍSÍ. Aukin áhersla hefur verið lögð á að efla fræðslu- og fagteymisþátt afreksstarfsins og hafa skilgreindir styrkir verið veittir til sérsambanda vegna þessa. Þá hefur undirbúningur fyrir Ólympíuleika verið styrktur sérstaklega hjá sjóðnum.

Fjárhagsáætlanir umsókna sérsambanda til Afrekssjóðs ÍSÍ nema um 1,5 milljarði króna, miðað við árið 2017 og því má segja að Afrekssjóður ÍSÍ nái eingöngu að styrkja hluta af þeim kostnaði. Úthlutanir úr Afrekssjóði ÍSÍ árin 2015 og 2016 má finna í samantekt hér aftar í skýrslunni.



Undirritun samninga vegna fjárlaga – stóraukið fé til afreksstarfs

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Íþróttta og Ólympíusamband Íslands undirrituðu 28. júlí 2016 tímamótasamning til næstu þriggja ára um stóraukið fjárframlag ríkisins til afreksíþróttta á Íslandi. Framlagið mun hækka í áföngum úr 100 milljónum á fjárlögum síðasta árs í 400 milljónir á næstu þremur árum og er því um fjörföldun að ræða.

Samningurinn er mjög þýðingarmikill fyrir íþróttastarf í landinu og um byltingu er að ræða fyrir afreksíþróttastarf sérsambanda ÍSÍ. Með þessari aukningu færast Ísland nær nágrannaþjóðum sínum varðandi tækifæri á uppbyggingu afreksstarfs og umgjörð fyrir afreksíþróttafólk á Íslandi.


Til að fagna þessum tímamótasamningi í Laugardalnum mættu landsliðsfólk, þjálfarar og forsvarsfólk frá sérsamböndum ÍSÍ og var hið marg-

fræga víkingaklapp tekið við þetta tækifæri í sól og blíðskaparveðri.

Þennan sama dag voru undirritaðir samningar til eins árs fyrir almennan rekstur og verkefni ÍSÍ og Ferðasjóð íþróttafélaga.



Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra, Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Illugi Gunnarsson mennta- og menningamálaráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra við undirritun samninga.



Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ er gæðaverkefni þar sem íþróttafélög og deildir geta sótt um viðurkenningu til ÍSÍ að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem ÍSÍ setur. Viðurkenningin er veitt til fjögurra ára í senn og þarf þá að sækja um endurnýjun hennar. Frá Íþróttáþingi 2015 hafa 64 viðurkenningar verið afhentar til Fyrirmyndarfélaga/-deilda ef endurnýjanir

viðurkenninga eru taldar með. Að deildum meðtöldum hafa 266 viðurkenningar verið veittar frá upphafi verkefnisins ef endurnýjanir eru taldar með. Fimmtán héraðssambönd/íþróttabandalög eiga nú eitt eða fleiri fyrirmyndarfélög innan sinna raða. Alls koma 27 íþróttgreinar við sögu innan Fyrirmyndarfélaga/-deilda ÍSÍ.

Þjálfaramenntun ÍSÍ

ÍSÍ býður upp á þjálfaramenntun í fjarnámi sem hefur verið afar vinsælt undanfarin ár enda miklar kröfur gerðar til menntunar í samfélaginu. Námið er í boði þrisvar á ári, á vorönn, sumarönn og haustönn. Fjarnám ÍSÍ er almennur hluti þjálfaramenntunarinnar og gildir jafnt fyrir allar íþróttgreinar. Alls luku 189 nemendur námi á 1. eða 2. stigi almenns hluta árin 2015-2016. Fjarnám 1. stigs ÍSÍ almennur hluti samsvarar áfanganum ÍþF 1024 í framhaldsskólum. Sérgreinahluti þjálfaramenntunar ÍSÍ er á vegum sérsambanda og er mislangt á veg kominn. Víða hefur mikil vinna farið fram við endurskipulagningu og mörkun



stefnu í málaflokknum. Mörg sérsambönd eru komin vel á veg og bjóða reglulega upp á sérgreinahluta námsins. Allir þjálfarar sem ætla að ljúka ákveðnum stigum í menntuninni þurfa að taka bæði almennan hluta hjá ÍSÍ og sérgreinahluta hjá viðkomandi sérsambandi.

Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Í tengslum við áhuga íþróttahéraða var lagt í vinnu við að skoða möguleika á að veita íþróttahéruðum viðurkenningu fyrir fyrirmyndarstarf að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, rétt eins og í verkefni ÍSÍ um fyrirmyndarfélög. Tillaga um málið var lögð fyrir Íþróttáþing 2015 og var hún samþykkt samhljóða. Íþróttahéruð geta því sótt um viðurkenningu sem Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Eitt íþróttahérað hefur sent inn umsókn um viðurkenningu. Fleiri íþróttahéruð eru að vinna að slíkri umsókn.

Ráðstefnur og málþing

Ráðstefnur á RIG

ÍSí hefur undanfarin ár verið samstarfsaðili ÍBR í ráðstefnuhaldi í tengslum við Reykjavíkurlaikana. Yfirskrift leikanna 2016 var „Afreks-íþróttir og árangur“ og fyrirlesarar voru Dr. Ronald Kipp fræðslustjóri Bandaríska skíða- og snjóbrettasambandsins sem fór í gegnum þroskaferil skíðamannsins frá barni til afreksmanns og Jacky Pellerin landsliðsþjálfari Íslands í sundi fjallaði um mikilvægi styrktarþjálfunar í sundi. Hlín Bjarnadóttir sjúkra- og fimleikaþjálfari, Þórey Edda Elísadóttir stanga-stökkvari og Ólympíufari og Fanney Hauksdóttir kraftlyftingakona sögðu sína skoðun á því af hverju fyrrum fimleikakonur ná afburða árangri í öðrum íþróttagreinum. Michail Tonkonogi fjallaði um styrktarþjálfun barna. Að lokum ræddi Adolf Ingi Erlingsson við Dwain Chambers spretthlaupara um fall hans á lyfjaprófi og hvernig var að koma til baka í keppni.

Í tilefni 10 ára afmælis Reykjavíkurlaikanna 2017 voru haldnar tvær ráðstefnur. Fyrri ráðstefnan var helguð fæðubótarefnum og lyfjamisnotkun en sú seinni íþróttastjórnun og stefnumótun. Á fyrri ráðstefnunni voru þrír með erindi; Ron Maughan sérfræðingur í íþróttanæringarfræði hjá Alþjóða-ólympíunefndinni var með fyrirlesturinn „Fæðubótarefni og íþróttamaðurinn, það góða, það slæma og það ljóta“, Michael Rasmussen, hjólreiðakappi sem hélt erindi um afreksíþróttuferil í skugga lyfjamisnotkunar og Hajo Sepelt þýskur rannsóknarblaðamaður sem afhjúpaði lyfjamisferli íþróttamanna í Rússlandi. Ráðstefnustjóri var Adolf Ingi Erlingsson.

Síðari ráðstefnan bar heitið „Góðir stjórnunarhættir – ólíkar leiðir að settu marki“. Jane Allen framkvæmdastjóri Breska fimleikasambandsins sagði frá breytingum á stjórnun sambandsins og þeim mikla árangri sem þar hefur náðst

á stuttum tíma, Michael Pedersen fjallaði um góða stjórnunarhætti og Duffy Mahoney yfirmaður afrekssviðs Bandaríska frjálsíþróttasambandsins skýrði frá markmiðasetningu sambandsins til 2020. Ráðstefnustjóri var Haukur Örn Birgisson forseti GSÍ.

Málþingið „Umfang og hagræn áhrif íþróttanna á Íslandi“

Í október 2015 fór fram málþing þar sem Dr. Viðar Halldórsson og Dr. Þórólfur Þórlindsson kynntu áfangaskýrslu sem ber heitið „Íþróttir á Íslandi: Umfang og hagræn áhrif“. Tilgangur skýrslunnar var þríþættur. Í fyrsta lagi að leggja grunn að frekari úttekt og rannsóknum á stöðu og umfangi íþróttanna, afmarka viðfangsefnið og kanna hvaða gögn um hagrænt gildi íþróttanna væru aðgengileg. Í öðru lagi að greina megin þætti íþróttastarfsins og skoða þá nánar. Í þriðja lagi að setja fram fyrstu niðurstöður um tiltekna efnisþætti þessa verkefnis. Málþinginu lauk með líflægum pallborðsumræðum. Málþingið var haldið í samstarfi mennta- og menningamálaráðuneytis, ÍSí og HÍ.

Málþing um íþróttir og hreyfingu í framhaldsskólum

Haustið 2015 stóð ÍSí fyrir málþingi um íþróttir og hreyfingu í framhaldsskólum. Héðinn Svarfdal frá Embætti landlæknis hélt erindi um Heilsueflandi framhaldsskóla, Dr. Erlingur Jóhannsson prófessor í HÍ sagði frá rannsóknum á hreyfingu og heilsu ungmenna, Björg Pétursdóttir frá mennta- og menningamálaráðuneytinu ræddi stöðu íþróttanna í nýrri námskrá framhaldsskóla og Þórarinn Alvar Þórarinnsson frá ÍSí sagði frá verkefnum ÍSí í framhaldsskólum. Þá

kynntu íþróttakennarar í nokkrum framhaldsskólum þær breytingar sem orðið hafa á greininni eftir að ný námskrá tók gildi. Miklar og góðar umræður sköpuðust í lokin.

Málþing um höfuðhögg

Málþingið var haldið í Háskólanum í Reykjavík í apríl 2015. María Kristín Jónsdóttir taugasálfræðingur flutti erindið „Hvað gerist í heilanum við höfuðhögg?“. Friðrik Ellert Jónsson sjúkraþjálfari fjallaði um fyrstu viðbrögð og eftirfylgd og Raket Dögg Bragadóttir handknattleikskona fjallaði um reynslu sína af því að hljóta höfuðhögg við íþróttaiðkun.

Málþing um andlega líðan íþróttamanna

Málþingið var haldið í september 2015, í samstarfi við HR og KSÍ. Dr. Hafrún Kristjánsdóttir fjallaði um geðrænan vanda og algengi hans hjá íþróttafólki og kynnti niðurstöður rannsóknar Margrétar Láru Viðarsdóttur á kvíða hjá íslenskum atvinnu- mönnum í boltagreinum. Sævar Ólafsson íþróttfræðingur var með erindið „Íþróttaiðkun í mótvindi og svartnætti“ og Ingólfur Sigurðsson knattspyrnumaður greindi frá glímu sinni við geðræna erfiðleika. Góðar umræður sköpuðust að erindunum loknum. Húsfyllir var á málþinginu. Farið var með málþingið norður til Akureyrar og var það haldið í Háskólanum á Akureyri en var einnig húsfyllir á því málþingi.

Sýnum karakter

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands stóðu saman að ráðstefnunni Sýnum karakter í Háskólanum í Reykjavík þann 1. október 2016. Ráðstefnan markaði upphaf að sameiginlegu verkefni og vefsíðu með sama heiti sem ætluð er þjálfurum og íþróttafélögum.



Jón Arnar Magnússon deildi sinni reynslu á Íþróttavísindaráðstefnu ÍSí.

Jón Arnar Magnússon fyrrverandi tugþrautamaður, kírópraktor og nú foreldri ungra afreksmanna flutti opnunarerindi ásamt Gauta Grétarsyni sjúkraþjálfara og stjórnarmanni í Heilbrigðisráði til margra ára. Haldnar voru fimm málstofur auk einnar vinnustofu í lokin. Málstofurnar fjölluðu um: 1) Líkamsmynd ungmenna, 2) Fremra krossband – áverkar og áhrifabættir – endurhæfing og endurkoma íþróttamanna, 3) Forvarnir og góð þjálfun, 4) Endurheimt, svefn og næring, 5) Að koma inn í unglingslandslið, „Best practice“ frá nokkrum sérsamböndum og umgjörð yngri landsliða. Vinnustofan bar heitið: „Hvernig getum við eflt umgjörð í íþróttastarfi á Íslandi?“ Ráðstefnunni stýrði Ingi Þór Ágústsson sem situr í framkvæmdastjórn ÍSí og er formaður Heilbrigðisráðs ÍSí.

Ráðstefnan „Að stjórna íþróttafélagi - Ekkert mál“?

Ráðstefnan fór fram í Öskju í Háskóla Íslands þann 24. mars 2017. Aðgangur var ókeypis en færri komust að en vildu því uppselt var á ráðstefnuna. Um 150 manns voru skráðir á ráðstefnuna og fjöldi manns fylgdist með ráðstefnunni á netinu.

Fyrir nokkrum árum gerðu Háskóli Íslands (HÍ) og ÍSí með sér samning um eflingu samstarfs á sviði íþróttar. Tilgangurinn var að staðfesta vilja HÍ og ÍSí til að efla samstarf á breiðum þverfræðilegum grundvelli og gera það sýnilegt, m.a. með því að vinna í sameiningu að ráðstefnum og málþingum. Markmið ráðstefnunnar „Að stjórna íþróttafélagi - Ekkert mál“ var að efla samstarf háskólasamfélagsins og þeirra aðila sem koma að því starfi sem fram fer innan íþróttafélaga og fá fram umræðu um ýmis málefni og álitamál sem varða stjórnun og rekstur þeirra. Jón Örn Guðbjartsson, sviðsstjóri markaðsmála hjá Háskóla Íslands, stýrði ráðstefnunni.

Vefsíðan var opnuð á ráðstefnunni. Á ráðstefnunni fluttu fimm einstaklingar stutt erindi, Íris Mist Magnúsdóttir íþróttifræðingur og landsliðsþjálfari í fimleikum, Pálmar Ragnarsson BS í sálfræði og körfuknattleiksþjálfari, Svanur Þór Mikaelsson landsliðsmaður í taekwondo, Margrét Lára Viðarsdóttir íþróttifræðingur, BS í sálfræði og landsliðskona í knattspyrnu og Daði Rafnsson markaðsfræðingur og knattspyrnuþjálfari. Dr. Viðar Halldórsson, lektor við HÍ flutti erindið „Karakter: Hvað, af hverju, hvernig?“ og Dr. Haf-rún Kristjánsdóttir kynnti áhersluatriði verkefnisins og opnaði vefsíðuna sýnumkarakter.is. Í lokin voru pallborðsumræður þar sem auk Haf-rúnar og Viðars tóku þátt þau Vanda Sigurgeirsdóttir lektor í tómsunda- og félagsmálafræðum við HÍ og Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari í knattspyrnu. Ráðstefnustjóri var Viðar Garðarsson formaður Íshökkísambands Íslands.

Farið var með Sýnum karakter ráðstefnuna norður til Akureyrar og var hún haldin þar í samvinnu við Háskól-

ann á Akureyri og Akureyrarbæ. Þar bættust við þau Dagný Linda Kristjánsdóttir skíðakona og Ólympíufari, Sævar Árnason handknattleiksþjálfari og Jónína Margrét Guðbjartsdóttir landsliðskona í íshökkí. Ráðstefnustjóri var Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður ÍBA. Húsfyllir var á ráðstefnunum bæði í Reykjavík og á Akureyri.

Íþróttaráðstefna ÍSí

Heilbrigðisráð ÍSí stóð fyrir Íþróttavísindaráðstefnu í Laugardalshöll daganna 13. - 15. október 2016. Ráðstefnan var haldin með stuðningi frá Ólympíusamhjálpinni. Fókusinn var á ungt íþróttafólk og hvernig standa á að uppbyggingu þeirra eins vel og kostur er og að hafa heilsu þeirra og heilbrigði í forgangi. Ráðstefnan hét: „Frá unglungi til afreksmanns – hraust sál í heilbrigðum líkama“. Fjöldi fyrirlesara voru 22, þeir voru allir íslenskir og var leitað til okkar helstu sérfræðinga á hverju sviði fyrir sig ásamt því að heyra sjónarhorn íþróttamanna sjálfra þar sem það átti við.

Hádegisfundir

Yfir vetrartímam býður ÍSÍ reglulega upp á hádegisfundum um ólík málefni sem tengjast íþróttum. Dæmi um hádegisfyrirlestra sem haldnir hafa verið eru eftirfarandi:

- Notkun fæðubótarefna og ólöglegra efna í íþróttum – Dr. Viðar Halldórsson kynnti niðurstöður framhaldsskólarannsóknar sem Rannsóknir og greining vann fyrir Lyfjaeftirlit ÍSÍ.
- Hagræðing úrslita í íþróttum – Pétur Hrafn Sigurðsson frá Íslenskri getsþá og Þorvaldur Ingimundarson frá KSÍ voru með erindi.
- Upplifun foreldra afreksbarna á ofbeldi í íþróttum – Hafdís Inga Hinriksdóttir, félagsráðgjafi, kynnti niðurstöður meistararitgerðar í félagsráðgjöf frá HÍ.
- Íþróttameiðsli ungmenna – Margrét Heiður Indriðadóttir, sjúkraþjálfari, kynnti niðurstöður meistaraverkefnis í íþróttufræði frá HÍ.
- Jafnrétti til sigurs- íþróttir án hinsegin fordóma – María Helga Guðmundsdóttir, landsliðskona í karate og jafningjafræðari hjá Samtökunum 78, var með erindi.
- Átröskun og líkamsmynd – Petra Lind Sigurðardóttir, sálfræðingur, kynnti niðurstöður meistaraverkefnis frá HR.
- Val á íþróttamanni ársins, hádegisfundur í samstarfi ÍSÍ og Samtaka íþróttufréttamanna í tengslum við val á íþróttamanni ársins. Dr. Hafrún Kristjánsdóttir lektor og Eiríkur Stefán Ásgeirsson formaður Samtaka íþróttufréttamanna héldu stutt erindi, en síðan var opnað fyrir umræður.
- Þjálfun karaktars – Norðmaðurinn Sverre Mansaas Bleie, handknattleiksþjálfari, miðlaði af reynslu sinni en hann leggur ríka áherslu á andlega og félagslega þætti í sinni þjálfun og er þekktur fyrir að skapa jákvætt viðhorf.



Frá fundinum „Að leysa úr samskiptavanda“. Björg Jónsdóttir frá Erindi, Ragnhildur Skúladóttir frá ÍSÍ og Dagný Kristinsdóttir frá Aftureldingu.



Sverre Mansaas Bleie handknattleiksþjálfari miðlaði sinni reynslu af þjálfun.



Dr. Hafrún Kristjánsdóttir hélt erindi um sinn feril og upplifun sína af vali á íþróttamanni ársins.

- Að leysa úr samskiptavanda – Björg Jónsdóttir frá Erindi ræddi um samskiptavandamál eins og eineltismál. Erindi býður íþróttafélögum upp á að koma til þeirra

og kynna verkefnið. Dagný Kristinsdóttir, formaður Aftureldingar, sagði frá því hvernig félagið ætlaði að nýta sér tilboð Erindis fyrir sína þjálfara og iðkendur.

Forvarnardagur forseta Íslands



Forsetinn í heimsókn í Langholtsskóla á blaðamannafundi fyrir Forvarnardaginn árið 2016.

ÍSí kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSí, UMFÍ, Bandalags íslenskra skáta, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík og stutt af Actavis. Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum og lúta þau að samveru með foreldrum, ástundun skipulagðs íþrótta- og æskulýðsstarfs og frestun áfengisneyslu. Þessi heillaráð byggja á niðurstöðum íslenskra vísindamanna sem hafa um árabíl rannsakað áhættu- hegðun ungmenna.

Tveimur dögum fyrir Forvarnardaginn sjálfan er haldinn blaðamannafundur í einum af grunnskólunum þar sem borgarstjóri, forseti Íslands og fulltrúar þeirra hreyfinga sem standa að deginum mæta. Árið 2015 var blaðamannafundurinn haldinn í Vættaskóla í Reykjavík, en í Langholtsskóla árið 2016. Á Forvarnardaginn sjálfan hefur forseti eða framkvæmdastjóri ÍSí tekið þátt í deginum með því að heimsækja grunn- og framhaldsskóla ásamt forseta Íslands og ræða við nemendur. Árið 2015 voru Brekkubæjarskóli, Fjölbrautarskóli Vesturlands á Akranesi og Fjölbrautarskólinn í Breiðholti heimsóttir. Árið 2016 voru Valhúsaskóli á Seltjarnarnesi og Kvinnaskólinn í Reykjavík heimsóttir.



Forsetinn spjallar við nemendur í Kvinnaskólanum í Reykjavík.

Norræn ráðstefna um íþróttir barna og unglinga

Í september 2017 fer fram norræn ráðstefna um íþróttir barna og unglinga á Sjálandi í Danmörku, en sambærileg ráðstefna fer fram þriðja hvert ár til skiptis á Norðurlöndunum. Fulltrúar frá íþrótta- og ólympíusamböndum Norðurlandanna hafa veg og vanda að skipulagi ráðstefnunnar og er Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðsluviðs ÍSí fulltrúi ÍSí. Mismunandi íþróttagreinum stendur til boða að taka þátt hverju sinni og í haust verða það badminton, glíma, frjálsíþróttir, bandý, klifur, sund, körfuknattleikur og amerískur fótbolti. Premur einstaklingum úr hverri íþróttagrein stendur til boða að fara á ráðstefnuna og er gert ráð fyrir að það séu stjórnarmaður, starfsmaður og ungur þjálfari. Á ráðstefnunni eru bæði fyrirlestrar og umræður, innan íþróttagreina og þvert á þær. Haldinn hefur verið kynningarfundur fyrir fulltrúa þessara íþróttagreina og lítur út fyrir góða þátttöku.

Útgáfumál

Á vefsíðu ÍSí er að finna útgefið fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttabátttöku. Efnið má nálgast



í útprentuðum bæklingum á skrifstofu ÍSí eða með því að hlaða þeim niður af vefsíðunni. Árið 2015 kom út bæklingurinn „Íþróttir – barnsins vegna“ og í byrjun árs 2017 var bæklingurinn „Átröskun og íþróttir“ endurgerður. Þá voru gefin út fjögur veggspjöld um heilahristing árið 2016. Á vefsíðu ÍSí má finna efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

Norræna skólahlaupið



Nemendur í Sunnulækjarskóla ásamt Blossa við setningu hlaupsins á Selfossi 2015.

ÍSí hefur umsjón með Norræna skólahlaupinu sem á sér langa sögu en hlaupið fór fyrst fram árið 1984. Í hlaupinu geta nemendur valið á milli vegalengdanna 2,5, 5 og 10 km. Góð þátttaka hefur verið í hlaupinu frá upphafi og er það fastur liður í skólastarfi margra grunnskóla á landinu. Árið 2015 var Norræna skólahlaupið liður í Íþróttaviku Evrópu og ákvað ÍSí að brydda upp á þeirri nýjung að opna hlaupið formlega í einum skóla, Sunnulækjarskóla á Selfossi. Blossi var með í för og gaf skólanum bolta að gjöf og vöktu þeir mikla lukku meðal nemenda.

Árið 2016 var hlaupið opnað í Grunnskólanum í Sandgerði. Önnur nýjung í hlaupinu var sú að dregnir voru þrjár skólar úr þeim hópi skóla sem luku hlaupinu fyrir lok september og fékk hver skóli 100.000 króna gjafabréf í Altis til kaupa á vörum til að nýta í frímínútum eða í skólaíþróttum. Allir nemendur sem taka þátt í hlaupinu fá viðurkenningarskjal sem Mjólkursamsalan leggur til og þá fær skólinn einnig skjal um þátttöku hans í verkefninu. Gott samstarf hefur verið við íþróttakennara og skólana um verkefnið.

Námskeið í Ólympíu



Anna Margrét Guðmundsdóttir og Jakob Jóhann Sveinsson voru fulltrúar ÍSí á námskeiðinu í Ólympíu 2015.

Árlega sendir ÍSí tvo einstaklinga, karl og konu, á námskeið ungra þátttakenda í Ólympíu. Námskeiðið er á vegum Alþjóðaólympíuakademíunnar og eru þátttakendur á aldrinum 20-35 ára. Setningarathöfn námskeiðsins er á Pnyx hæðinni í Aþenu en námskeiðið sjálft er haldið í hinni fornu borg Ólympíu. Á námskeiðinu eru m.a. fyrirlestrar um Ólympíuhreyfinguna og ýmis hópavinna en auk þess gefst þátttakendum tími til að stunda ýmiss konar íþróttir. Árið 2015 var þema námskeiðsins Ólympíuhreyfingin með sérstakri áherslu á endurnýjun og aðlögun og voru íslensku þátttakendurnir þau Anna Margrét Guðmundsdóttir og Jakob Jóhann Sveinsson. Árið 2016 var aðal þemað Ólympíuhugsjónin sem öflugt tæki í

þróun og sjálfbærni, en auk þess var lögð áhersla á ólympísk gildi og áhrif þeirra á umhverfisvernd. Þátttakendur frá ÍSí voru þau Hildur Sigurðardóttir og Bjarki Gíslason.

Fleiri námskeið eru í boði í Ólympíu og má þar nefna námskeið fyrir íþróttáfréttamenn, háskólakennara í íþróttáfræðum og námskeið fyrir starfsmenn Ólympíunefnda.



Móttaka til heiðurs ólympíuförum

Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra og Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra buðu til móttöku í ágúst 2016 í Ráðherrabústað til heiðurs íslensku keppendunum á Ólympíuleikunum í Rio De Janeiro 2016. Allir íslensku þátttakendurnir fengu afhend viður-

kenningarskjöl og minnispening frá Alþjóðaólympíunefndinni. Auk þess fengu Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir sérstaka viðurkenningu frá Alþjóðaólympíunefndinni fyrir að komast í úrslit og vera í topp átta í sinni grein á Ólympíuleikunum.



Valdimar Gunnarsson UMSK við setningu ráðstefnunnar Sýnum karakter í Háskólanum í Reykjavík.

Sýnum karakter

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands standa saman að verkefninu Sýnum karakter. Vefsíða verkefnisins er ætluð þjálfurum og íþróttafélögum. Verkefninu var hrunðið af stað með ráðstefnu í Háskólanum í Reykjavík 1. október 2016.

Verkefnið er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum. Mikilvægi þjálfarans er sett í fókus og einblínt á þann jákvæða ávinning sem hlýst af íþróttaiðkun umfram þann líkamlega, s.s. áhugavöt, félagsfærni, sjálfstraust, einbeitingu, leiðtogaþæfni og markmiðasetningu. Á vefsíðu Sýnum karakter eru greinar og viðtöl við þjálfara og afreksíþróttafólk þar sem helsta umfjöllunarefni er efling andlegra og félagslegra þátta í gegnum þjálfun.

Sýnum karakter byggir á Framtíðinni, leiðarvísi í þjálfun barna og ungmenna sem Dr. Viðar Halldórsson vann fyrir UMSK með það fyrir augum að finna og vinna með styrkleika íþróttafólks. Tilgangur Framtíðarinnar er að stuðla að faglegu starfi innan félaga með því að stefna að hámarksárangri í þjálfun hugarfarslegra og félagslegra þátta. Viðar er lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands og helsti sérfræðingur landsins í félagsfræði íþróttar. Hann hefur unnið

eftir aðferðafræðinni með einstökum félögum og landsliðum í íþróttum.

Dr. Hafrún Kristjánsdóttir, íþróttasálfræðingur og sviðsstjóri á íþróttasviði Háskólans í Reykjavík, og Dr. Viðar Halldórsson eru höfundar að efninu í verkefninu Sýnum karakter.

Ráðist var í myndbandagerð til þess að auglýsa vefsíðuna og koma efninu á framfæri við íþróttahreyfinguna. Á síðunni má finna tæki og töl fyrir þjálfara, foreldra, iðkendur og fleiri til að nýta í íþróttþjálfun. Pálmar Ragnarsson þjálfari yngri flokka hjá KR í körfuknattleik og fimleikþjálfarinn Íris Mist Magnúsdóttir eru í aðalhlutverkum í

myndböndunum. Myndböndin má sjá á Youtube-síðu Sýnum karakter.

Sýnum karakter er hvorki altækt né endanlegt verkefni. Þvert á móti er því ætlað að þróast með framlagi þjálfara sem hafa tækifæri til að koma með ábendingar og frekari fræðslupunkta inn í verkefnið. Sýnum karakter er að þessu sögðu hugsað sem upphaf að faglegri vinnu í þjálfun karakters en ekki sem endapunktur. Íþróttahreyfingin hefur tekið vel á móti verkefninu og hafa mörg íþróttafélög innleitt verkefnið inn í starfið með börnum og unglingum. Verkefnið er styrkt af Íslenskri getsþá og með framlagi úr Íþróttasjóði ríkisins.



Húsfyllir var á ráðstefnunni Sýnum karakter í Háskólanum á Akureyri.



Þátttakendur á námskeiði í ólympískum hnefaleikum.

Námskeið sérsambanda styrkt af Ólympíusamhjálpinni

Í september 2015 fór fram 1. stigs þjálfaranámskeið í ólympískum hnefaleikum á vegum Alþjóðahnefaleika-

sambandsins (AIBA) og Hnefaleikanefndar ÍSÍ. Þátttakendur voru 14 talsins, þar af fjórir frá Svíþjóð. Náms-

skeiðið var bæði bóklegt og verklegt og sá Edwards Terence frá Bretlandi um kennsluna.

Skautasamband Íslands fékk styrk frá Ólympíusamhjálpinni til að standa straum af kostnaði við þjálfaranámskeið og til að gefa út námsefni því tengdu. Námskeiðið var í þremur hlutum, þar sem fyrsti hlutinn fór fram í byrjun júní 2015 og sá síðasti í maí lok 2016. Kennarar voru þær Erlendína Kristjánsson og Gabriela Jurkovic. Tólf þjálfarar luku námi sem metið er sem fyrsta stig þjálfaramenntunar hjá Alþjóðaskautasambandinu.

Íshökkísamband Íslands fékk þróunarstyrk sem var nýttur til að bæta þjálfaramenntun, halda þjálfaranámskeið, búa til námskrá og setja upp æfingabúðir. Námskeiðið var vel sótt. Ofangreind námskeið voru öll styrkt af Ólympíusamhjálpinni.

Ólympíudagurinn

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur þann 23. júní ár hvert út um allan heim í tilefni af því að þann dag árið 1894 var Alþjóðaólympíunefndin (IOC) stofnuð. Árið 2015 var haldið upp á daginn samhliða Smáþjóðaleikunum. Skólahópum var boðið í Laugardalinn að upplifa Smáþjóðaleikana ásamt því að spreyta sig í nokkrum íþróttgreinum. Einnig stóð Þróunar- og fræðsluvið fyrir fræðslu um Smáþjóðaleikana og Ólympíudaginn. Um 2.000 grunnskólabörn komu í heim sókn.

Árið 2016 var haldið upp á daginn með fjölbreyttum hætti. Haldið var golfmót með Samtökum íslenskra ólympíufara í samstarfi við GSÍ og Nesklúbbinn í tilefni þess að golf var orðin ólympísk íþróttgrein. Nemendur úr Háskóla unga fólksins komu í heimsókn og fengu kynningu á íþróttahreyfingunni ásamt því að spjalla við júdókappann og Ólympíufarann Þormóð Jónsson. Boðið var upp á kynningu og kennslu í strandblaki og skyldingum í Laugar-



Nemendur úr Háskóla unga fólksins ásamt Þormóði Jónssyni Ólympíufara.

dalnum. Skólar og frístundaheimili skipulögðu íþróttadag þar sem krakkar sjálfir bjuggu meðal annars til keppnisgreinar. Ólympíudagurinn er í raun ætlaður öllum, óháð íþróttalegri getu. Meginþemu í tengslum við daginn eru þrjú:

„Hreyfa, læra og uppgötva“. Þess vegna er kjörið að bjóða upp á ýmiss konar íþróttir og þrautir, en ekki einungis íþróttir sem keppt er í á Ólympíuleikunum. Ungu fólkið hefur gaman að því að prófa hinar ýmsu greinar og þrautir og jafnvel að búa til sínar eigin.




Ánægja í íþróttum meðal grunnskólanema í 8. - 10. bekk


Rannsóknirnar „Ungt fólk“ eru rannsóknir á högum, líðan og aðstæðum ungs fólks sem gerðar hafa verið á Íslandi reglubundið frá árinu 1992 í 5.-10. bekk í grunnskóla og öllum bekkjum í framhaldsskóla. Rannsóknirnar eru þýðisrannsóknir en í því felst að spurningalistar eru lagðir fyrir allt þýðið sem í þessu tilfelli eru allir þeir sem mættir eru í skólann í 8.-10. bekk í febrúarmánuði 2016. Um er að ræða gild svör frá rúmlega 10.500 nemendum og eru niðurstöður því mjög áreiðanlegar. ÍSÍ ásamt UMFÍ fengu að setja inn í spurningalistann nokkrar spurningar til að kanna ánægju ungmenna með íþróttafélagið sitt og aðra þætti er lúta að íþróttapátttöku. Hversu ánægð/ur ertu með íþróttafélagið, þjálfarann og aðstöðuna og helstu áhersluatriði þjálfarans í starfinu. Þá var íþróttapátttaka könnuð, greint eftir því hvort töluð er íslenska á heimilinu eða ekki. Einnig voru skoðuð tengsl íþróttaiðkunar við aðra þætti eins og vímuefnaneyslu, námsárangur, andlega og líkamlega heilsu og sjálfsmýnd. Árið 2016 sögðust 60% nemenda í 8.-10. bekk stunda íþróttir einu sinni í viku eða oftar samanborið við 45% árið 2003. Þeir sem aldrei stunda íþróttir með íþróttafélagi hefur að sama skapi fækkað úr 49% 2003 í 41% 2016. Sama prósentutala eða 41% nemenda á þessu aldrursbili stunda íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar og hefur hækkað úr 25% árið 2003.

Í niðurstöðum kemur fram að 88% unglunga eru sammála þeirri fullyrðingu að þeim finnist venjulega gaman á æfingum. Lítil munur er á viðhorfi unglunga til æfinganna eftir því hversu oft þeir stunda æfingar og þá eru 88% unglunga sammála þeirri fullyrðingu að þeir séu ánægðir með íþróttafélagið sitt. Um 85% unglunga eru sammála þeirri fullyrðingu að þeir séu ánægðir með þjálfarann sinn, um 81% eru ánægðir með íþróttaaðstöðuna og 83% eru ánægðir með félagslífið. Hlutverk þjálfara og ábyrgð hans á uppleði iðkenda er ótvírætt og skiptir því sköpum hvaða áherslur hann leggur í starfi sínu á hluti eins og sigur í keppni, drengilega framkomu og heilbriggt lífverni. Niðurstöður þessarar könnunar sýna að 75% unglunga upplifa að þjálfarar leggja mikla eða mjög mikla áherslu á sigur í íþróttakeppni. Þá er mikil áhersla þjálfara á að íþróttakrakkar temji sér drengilega framkomu í leik og er það upplifun 86% unglunga. 89% unglunga segja að þjálfarar þeirra leggi mikla áherslu á að þau stundi heilbriggt lífverni. Ástæður brottfalls voru skoðaðar sérstaklega en helstu ástæður sem unglungar gefa upp eru að þeir misstu áhugann en 82% gefa upp þá ástæðu. 74% segja að íþróttaiðkunin hafi verið leiðinleg, 71% að þau hafi fengið áhuga á öðru, 48% nefndu tímaskort, 44% að þeim hafi fundist þau léleg/ur. Aðrar ástæður sem unglungar nefna

sem ástæður þess að þau hættu eru; of kostnaðarsamt, vinirnir hættu, of mikil samkeppni, of mikið heimanám, samgöngur erfiðar og erfiðar æfingar. Að auki var skoðað hvort að börn sem koma frá heimilum þar sem eingöngu er töluð íslenska séu líklegri til að æfa íþróttir með íþróttafélagi en þau sem koma frá heimilum með annað tungumál. Niðurstöður sýna að börn frá heimilum þar sem eingöngu er töluð íslenska eru helmingi líklegri til að æfa íþróttir 4x í viku eða oftar en þar sem eingöngu er talað annað tungumál. Þegar skoðuð eru tengsl íþróttaiðkunar og vímuefnaneyslu þá kemur fram að þeir unglungar sem stunda íþróttir með íþróttafélagi eru mun ólíklegri til að neyta vímuefna en þeir einstaklingar sem ekki stunda íþróttir. Það er vert að geta þess að notkun rafsígarettar hefur náð talsverðri útbreiðslu og á það líka við um unglunga sem stunda íþróttir með íþróttafélagi, þó svo að þau séu ólíklegri til að ástunda slíka hegðun. Það er óhætt að segja að niðurstöður rannsóknarinnar eru mjög jákvæðar fyrir íþróttahreyfinguna í heild og staðfesta það mikla forvarnargildi sem felst í iðkun íþróttar með íþróttafélagi. Það er ekki hreyfingin sem slík sem hefur forvarnargildi heldur sú menning, umgjörð og þær hefðir sem skapast hafa innan íþróttafélaganna. Hægt er að fullyrða að eftir því sem unglungurinn æfir íþróttir oftar í viku með íþróttafélagi, því ólíklegri er hann til að ástunda neikvæða hegðun.



Hversu oft stundar þú (æfir eða keppir) íþróttir með íþróttafélagi? Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk á Íslandi árin 2003, 2006, 2009, 2010, 2012 og 2016 (R&G 2016).



Hlutfall nemenda sem segja að tiltekið atriði hafi skipt mjög eða frekar miklu máli í þeirri ákvörðun að hætta að stunda íþróttir með íþróttafélagi.



Setningarhátíð Lífshlaupsins 2016 fór fram í Íþróttamiðstöð Seltjarnarness og það voru nemendur Grunnskóla Seltjarnarness sem fengu þann heiður að ræsa hlaupið.

Lífshlaupið

Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni ÍSÍ sem höfðar til allra landsmanna og aldurshópa. Markmið verkefnisins er að hvetja almenning til daglegrar hreyfingar þar sem farið er eftir ráðleggingum Embættis landlæknis um hreyfingu. Fullorðnum einstaklingum er ráðlagt að hreyfa sig í minnst 30 mínútur á dag og börnum og ungmennum í 60 mínútur á dag. Lífshlaupið 2016 var ræst 3. febrúar í Grunnskóla Seltjarnarness og það árið

var tekið í notkun nýtt vefumsjónarkerfi til að auðvelda skráningar og bæta notendaviðmót. Árið eftir var Lífshlaupið ræst í tíunda sinn þann 1. febrúar 2017 í Holtaskóla í Reykjanesbæ. Skráðum þátttakendum fækkaði lítilega á milli ára, úr 18.550 árið 2016 í 17.459 árið 2017, en fjöldi virkra Lífshlaupara jókst og hreyfðu þeir sig oft og meira í mældum dögum og mínútum. Lífshlaupið skiptist í fjórar keppnir: einstaklingskeppni yfir allt árið, vinnu-



staða-, grunnskóla- og framhaldsskólakeppni sem er í gangi í febrúar ár hvert og stendur yfir í 2-3 vikur. Vinnustöðum og skólum er skipt í flokka eftir því hversu marga starfsmenn eða nemendur þeir eru með. Keppt er um heildarfjölda daga og heildarfjölda mínútna í vinnustaðakeppninni og er því deilt í heildarfjölda starfsmanna. Í skólakeppninni er einungis keppt í heildarfjölda daga og er þá deilt í heildarfjölda nemenda.

Á hverju Lífshlaupsári gefst þátttakendum í einstaklingskeppninni kostur á að vinna sér inn verðlaun eftir að þeir hafa náð ákveðnum fjölda daga í hreyfingu. Hægt er að vinna brons-, silfur-, gull- og platinumerki. Landsmenn hafa tekið Lífshlaupinu mjög vel og eru um 18.000 þátttakendur í verkefninu ár hvert, sem gerir það að fjölmennasta verkefni Almenningsíþróttasviðs. Samstarfsaðilar Lífshlaupsins eru: Advania, Rás 2 og Mjólkursamsalan. Nánari upplýsingar og úrslit má finna á www.lifshlaupid.is og á Facebook, Instagram og Twitter undir Lífshlaupið.



Verðlaunaafhending Lífshlaupsins fór fram í sal KSÍ við Laugardalsvöll 26. febrúar 2016. Fulltrúar frá vinnustöðum, grunnskólum og framhaldsskólum tóku á móti sínum verðlaunum.



Sjóvá SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ Kvinnahlaup ÍSÍ



Sjóvá Kvinnahlaup ÍSÍ er elsta verkefni Almenningsíþróttasviðs og verður það haldið í 28. sinn sunnudaginn 18. júní 2017. Kvinnahlaupið var haldið í fyrsta sinn 30. júní 1990 í Garðabæ í tengslum við Íþróttahátíð ÍSÍ og hefur hlaupið þar í bæ ávallt verið langfjölmenntast á landsvísu. Kvinnahlaupið hefur vaxið og dafnað á þessum áratugum og er einn útbreiddasti og fjölmennasti íþróttaviðburður sem haldinn er á Íslandi ár hvert. Árið 1990 tóku um 2.500 konur þátt í fyrsta Kvinnahlaupinu sem fór fram á átta stöðum um landið. Þátttakendur þann 13. júní 2015 voru um 14.000 konur á 100 hlaupastöðum innanlands sem utan og þann 4. júní 2016 hlupu um 12.000 konur á 90 stöðum hérlendis og erlendis. Framkvæmd hlaupsins gekk vel bæði árin og fóru þau fram í blíðviðri víðast um landið.

Í mörg horn er að líta fyrir jafn stóran viðburð og Sjóvá Kvinnahlaup ÍSÍ er. Undirbúningur hlaupsins hefst strax á haustmánuðum þegar er óskað eftir tilboðum í verðlaunapeninga og boli, auk þess sem að bolurinn er hannaður og litur valinn. Á nýju ári er haft samband við alla tengiliði sem eru yfir 100 talsins en þeir sjá um allt utanumhald á hverjum hlaupastað fyrir sig. Tengiliðir Kvinnahlaupsins eru afar



mikilvægir og myndi skipulag og framkvæmd hlaupsins aldrei ganga upp án þeirra framlags.

Sjóvá hefur verið aðalbachjarl Kvinnahlaupsins frá árinu 1993 eða í 24 ár og hýsir Sjóvá heimasíðu hlaupsins. Þar er að finna mikinn fjölda ljósmynda frá hlaupum undanfarinna ára ásamt ýmsum fróðleik.

Beiersdorf hefur verið samstarfsaðili Sjóvá Kvinnahlaups ÍSÍ frá árinu 2011.



Sigríður Inga Viggósdóttir, Hrönn Guðmundsdóttir, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir og Jóna Hildur Bjarnadóttir.

Samstarfssamningurinn felur í sér að merki NIVEA er á Kvinnahlaupsbolnum sem og á völdu kynningarefni í tengslum við Sjóvá Kvinnahlaup ÍSÍ. Að auki gefur Beiersdorf þátttakendum í hlaupinu glaðning að hlaupi loknu og gefur öllum tengiliðum Kvinnahlaupsins á Íslandi veglega jólagjöf.

Aðrir samstarfsaðilar Sjóvá Kvinnahlaups ÍSÍ eru: Ölgerðin, MBL.is og Merrild.

Nánari upplýsingar má finna á www.kvinnahlaup.is og á Facebook undir SjóváKvinnahlaupÍSÍ.



sem hjóluðu 463.582 km eða 346,2 hringi í kringum landið. Ári síðar fór keppnin fram dagana 4.-24. maí 2016 og þá voru vinnustaðirnir 376 og þátttakendur 5.392 talsins sem hjóluðu 405.978 km eða 303,2 Íslandshringi. Margt skemmtilegt er í boði á meðan á keppni stendur og má þar nefna að dregið er úr skráðum þátttakendum daglega á Rás 2 þar sem hægt er að vinna veglega verðlaun frá Erninum þ.m.t. glæsilegt reiðhjóla á síðasta keppnisdegi. Þá er í gangi ljósmynda-leikur á Instagram þar sem ýmsar gjafir eru í boði fyrir þátttakendur og eru þeir einnig hvattir til að senda inn reynslusögur af sjálfum sér og samstarfsfélögum til að deila sinni upplifun.

Hjólað í vinnuna fer fram dagana 3. – 23. maí 2017.

Samstarfsaðilar Hjólað í vinnuna eru: Rás 2, Advania, Örninn, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn og Landssamtök hjólræðamanna. Nánari upplýsingar og úrslit má finna á www.hjoladivinnuna.is ásamt síðum á Facebook og Instagram.

Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSí, Illugi Gunnarsson, mennta- og menningar- málaráðherra og föruneysi gera sig klár til að hjóla átakið Hjólað í vinnuna 2016 af stað.

Hjólað í vinnuna

Hjólað í vinnuna hefur verið haldið árlega í maí allt frá árinu 2003 og stendur yfir í þrjár vikur í senn. Undanfarnin átug hefur orðið gríðarleg vakning í þjóðfélaginu um hjólræiðar sem heilsusamlegan samgönguvalkost. Það má glöggst sjá á því að þegar Hjólað í vinnuna rúllaði af stað árið 2003 tóku 533 einstaklingar þátt en þátttakan óx ár frá ári og náði hámarki árið 2012 þegar 11.381 einstaklingur tóku þátt. Síðustu ár hefur þátttakan dregist saman, sérstaklega á landsbyggðinni, og hefur veðurfar og færð spilað þar stærsta hlutverkið. Áætla

má að margir þátttakendur hafi tekið hjólræiðar upp sem lífsstíl og skrái sig því ekki lengur til þátttöku í áttakinu en kannanir um ferðavenjur staðfesta auknar hjólræiðar almennings. ÍSí er stolt af því að hafa stuðlað að bættri hjólamenningu á Íslandi og orðið til þess að vinnustaðir og sveitarfélög hafa bætt aðstöðu fyrir hjólandi fólk til muna. Hjólað í vinnuna er nú orðinn partur af menningu margra vinnustaða í landinu í maímánuði.

Árið 2015 fór keppnin fram dagana 6.-26. maí og þá skráðu 470 vinnustaðir sig til leiks með 6.824 keppendur

Hreyfitorg

Hreyfitorg.is er gagnvirk vefsíða sem er ætlað að veita upplýsingar um fjölbreytta hreyfingu víðsvegar um landið og stuðla þannig að aukinni hreyfingu landsmanna. Hlutverk vefsins er að brúa bilið á milli þeirra sem leita eftir þjónustu (notendur) og þeirra sem standa fyrir hreyfitalboðum (þjónustuaðilar). Þjónustuaðilar sjá sjálfir um innskráningu upplýsinga en fá reglulega áminningu um að endurskoða þær til

að forðast birtingu á röngum upplýsingum. Innskráningin er þjónustuaðilum að kostnaðarlausu.

Á Hreyfitorgi eiga notendur að geta fengið á einum stað góða yfirsýn yfir sem flest þeirra hreyfitalboða sem eru til staðar á hverjum tíma, hvar sem er á landinu. Þar sem þarfirnar eru mismunandi er mikið lagt upp úr því að notendur geti með einföldum hætti



síá út upplýsingar í samræmi við sínar þarfir, borið saman mismunandi valkosti og miðlað þeim áfram.

Aðstandendur Hreyfitorgs eru: Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Embætti landlæknis, Félag sjúkrabjálfa, Íþróttakennarafélag Íslands, Læknafélag Íslands, Reykjalundur, Ungmennafélag Íslands og VIRK, starfsendurhæfingarsjóður.

Hjólum í skólann

Hjólum í skólann er verkefni ætlað framhaldsskólanemum og starfsfólki framhaldsskóla. Verkefnið fór af stað í september 2013 og verður því haldið í fimmta sinn í september 2017. Nemendur og starfsfólk framhaldsskólanna eru hvött til þess að nýta sér virkan ferðamáta til og frá skóla og vinnu. Þá eru skólastjórnendur hvattir til að huga að hjólaaðstöðu við skólana á þessum tíma.



Árið 2015 fór Hjólum í skólann fram dagana 9.-22. september og tóku 19 framhaldsskólar þátt með 480 þátttakendum og voru hjólaðir 55.303 km eða ígildi 41,3 hringa í kringum Ísland. Verkefnið hafði verið skráningarverkefni yfir 2ja vikna tímabil en árið 2016

var ákveðið að hverfa frá skráningarfyrirkomulaginu og breyta því í einfalt hvatningarverkefni. Þar eru framhaldsskólanemendur og kennarar hvattir til að velja virkan ferðamáta til og frá skóla eða vinnu ásamt því að setja inn myndir á síðu verkefnisins og á Instagram.

Nánari upplýsingar og úrslit má finna á www.hjolumiskolann.is og á Facebook og Instagram undir Hjólumiskólann.

Göngum í skólann

Göngum í skólann er alþjóðlegt verkefni og árlega taka milljónir barna þátt víðs vegar um heiminn. Lýðheilsustöð hafði frumkvæði að því að koma verkefninu af stað hérlendis árið 2007 þegar 26 skólar tóku þátt. Ári síðar tók ÍSÍ að sér að leiða Göngum í skólann áfram og hefur þátttakan vaxið jafnt og þétt. Árið 2015 var metþátttaka þegar 74 skólar tóku þátt og fór setningarhátíðin fram í Lágafellsskóla þann 9. september með ávörpum Ólafar Nordal innanríkisráðherra og Haraldar Sverrissonar bæjarstjóra Mosfellsbæjar. Við sama tækifæri var nýuppfærður vefur Samgöngustofu www.umferd.is opnaður og María Ólafsdóttir Eyróvision-fari söng nokkur lög. Árið 2016 tóku 67 skólar þátt um land allt og var setningarhátíðin sett í Akurskóla í Reykjanesbæ þann 7. september með ávarpi Þórolfssonar



Setningarhátíð Göngum í skólann 2016 fór fram í Akurskóla í Reykjanesbæ.

Árnasonar forstjóra Samgöngustofu og söngatriði frá Jóhönnu Ruth. Meginmarkmið Göngum í skólann er að hvetja til aukinnar hreyfingar með því að auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar. Auk þess er reynt að stuðla að vitundarvakningu um vistvænan ferðamáta,

umhverfismál og það hversu „göngu-vænt“ umhverfið er.

Göngum í skólann er hluti af verkefninu „Virkar og öruggar leiðir í skólann“, sem nýtur stuðnings Go for Green og annarra samstarfsaðila. Verkefninu er ætlað að hvetja nemendur, foreldra og starfsmenn skóla til að ganga, hjóla, fara á línuskautum eða á annan virkan hátt til og frá skóla.

Þeir sem standa að Göngum í skólann hérlendis eru Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Embætti landlæknis, Ríkislögreglustjóri, Slysavarnarfélagið Landsbjörg, Samgöngustofa og Landssamtökin Heimili og skóli. Nánari upplýsingar og skemmtilegt efni frá skólunum er að finna á www.gongumiskolann.is





Stemningin var góð á fræðslufundi Félags eldri borgara á Hellu.



Ástbjörg Gunnarsdóttir og Hermann Sigtryggsson sitja í nefnd um íþróttir 60+.

Nefnd um íþróttir 60+

Á vegum ÍSÍ er starfandi nefnd um íþróttir 60 ára og eldri. Markmið nefndarinnar er að efla íþróttastarf eldri borgara, vinna að fræðslumálum og standa fyrir viðburðum tengdum íþróttum fyrir aldursflokkinn 60+.

Einu sinni til tvisvar á vetri heldur nefndin fræðslufundi í samstarfi við félög eldri borgara víðsvegar um landið. Í maí 2016 heimsótti nefndin Félag eldri borgara á Hellu og hélt fræðslufund fyrir þeirra félagsmenn um hvernig auka megi lífsgæðin á efri árum og stuðla þannig að farsælli öldrun. Einnig fengu félagsmenn kynningu á geisladisknum Sterk og létt í lund sem inniheldur leikfímíæfingar fyrir fólk á besta aldri.

Haldin var ráðstefna á vegum ÍSÍ, Öldrunarráðs Íslands, Landssambands eldri borgara, Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra og Rannsóknastofu Háskóla Íslands og Landsspítala í öldrunarfræðum þann 16. mars 2017. Fór hún fram í Ráðhúsi Reykjavíkur og var yfirskriftin „Aldrei of seint - Heilsuefling eldri aldurshópa“. Ráðstefnan var sett af forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessyni og var henni skipt upp í fjóra hluta. Fyrsti hluti fjallaði um stöðuna í málaflokknum, breytingar á samfélagi og heilsueflandi forvarnir undir yfirskriftinni „Hvernig vilja hinir eldri eldast?“ Annar hluti ráðstefunnar fjallaði um heilsu, næringu og hollustu út frá spurningunni „Hvernig

er tekist á við heilsubrest á efri árum?“ Þriðji hluti sneri að íþróttafélögum, félagslegum þáttum og heilsuhagfræði. Fjórti og síðasti hlutinn tók á málafnum heilsueflingar og forvarna í framkvæmd. Að loknum erindum voru

pallborðsumræður þar sem Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Birgir Jakobsson landlæknir og Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Húsavíkur sátu fyrir svörum.

Almenn ánægja var með erindin sem voru allt í senn ólík, fræðandi og skemmtileg. Markmið ráðstefunnar var að leita svara við því hvað stjórnvöld ætli sér að gera í málafnum er varða heilsueflingu eldri aldurshópa.



Gestir ráðstefunnar tóku þátt í æfingum.



Skipuleggjendur og fyrirlesarar á ráðstefnunni „Aldrei of seint – heilsuefling eldri aldurshópa“.





Ólympíuleikar - Ríó 2016



Ólympíuleikvanginum eins og hann var kallaður á meðan á leikunum stóð. Aðstæður voru eins og best verður á kosið, en keppnismannvirki voru glæsileg og voru þar nýtt mannvirki eins og Maracana knattspyrnuvöllurinn sem hýsti setningar- og lokahátíð sem og leiki í knattspyrnu auk þess sem að fjölmargar keppnisgreinar fóru fram á nýju svæði í Barra hverfinu, í næsta nágrenni við Ólympíuþorpið. Í Ólympíuþorpinu var hópurinn vel staðsettur í sömu byggingu og Danir, Finnar og Svíar. Fánaberi á setningarhátíðinni var Þormóður Árni Jónsson sem keppti í júdó á sínum þriðju leikum í röð og á lokahátíðinni var það Hrafnhildur Lúthersdóttir sem bar fánann, en hún keppti á sínum öðrum leikum og náði frábærum árangri.



Verðlaunapeningar Ólympíuleika og Paralympics.

31. Sumarólympíuleikarnir fóru fram í Ríó de Janeiró í Brasilíu 5. til 21. ágúst 2016. Að þessu sinni voru tvær nýjar íþróttagreinar í boði á leikunum, golf og 7 manna ruðningur. Alls var því keppt í íþróttagreinum 28 alþjóðasér-sambanda.

Heimlistar, árangur á stórmótum, úrtökumót og lágmörk skáru úr um fjölda þátttakenda frá Íslandi. Að þessu sinni tókst færri keppendum að tryggja sér þátttökurétt heldur en verið hefur á undanförunum leikum. Íslenskir keppendur á leikunum voru Irina Zazonova í fimleikum, Þormóður Árni Jónsson í júdó, í frjálsíþróttum kepptu þau Ásdís Hjálmsdóttir, Aníta Hinriksdóttir og Guðni Valur Guðnason og í sundi kepptu þau Anton Sveinn

McKee, Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir. Upp úr stendur árangur sundkvennanna. Eygló Ósk varð fjórtánda í 100 metra baksundi og í áttunda sæti í 200 metra baksundsins bætti Eygló sinn besta árangur og um leið Íslands- og Norðurlandamet í greininni. Hrafnhildur komst í undanúrslit í 200 metra bringusundi þar sem hún varð ellefta. Í 100 metra bringusundi varð Hrafnhildur sjötta í úrslitum. Eru þær fyrstu íslensku konurnar til að komast í úrslit í sundgrein á Ólympíuleikum. Keppnisgreinar Íslenska íþróttafólksins fóru fram á Barra svæðinu að undanskilinni keppni í frjálsíþróttum sem fram fór á Jao Havelange vellinum, eða





Vetrarólympíuleikar ungmenna - Lillehammer 2016



Hópurinn ásamt Illuga Gunnarssyni þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra.



Aðrir Vetrarólympíuleikar ungmenna voru haldnir í Lillehammer í Noregi 12. – 21. febrúar 2016. Á leikunum kepptu um 1.100 ungmenni hvaðanæva úr heiminum í sjö vetraríþrótta greinum en keppt var til verðlauna í 70 mismunandi keppnisgreinum. Íslensku keppendurnir voru þrír, Bjarki Guðjónsson og Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir kepptu í alpagreinum skíðaíþrótta og Dagur Benediktsson keppti í skíðagöngu. Ekki er eingöngu horft til keppni og árangurs á leikunum heldur er einnig lagt mikið upp úr fræðslu í tengslum við þátttöku ungmennanna. Meðal þess sem lögð var áhersla á í fræðslunni var ólympismi og ólympísk gildi, þroski, heilsa og vellíðan, félags-



YOGKrakkar.

leg ábyrgð, miðlun og rafrænir miðlar. Á leikunum var Íris Berg Bryde í hlutverki ungs sendiherra og hafði hún

það hlutverk að fylgja keppendum og kynna fyrir þeim þá fræðslu sem í boði var.

Vetrarólympíuleikar - PyeongChang 2018

Vetrarólympíuleikarnir 2018 fara fram í PyeongChang í Suður Kóreu dagana 9. til 25. febrúar 2018. Íslenski hópurinn verður að öllum líkindum svipaður af

stærð og á síðustu leikum, en reiknað er með keppendum í alpagreinum skíðaíþrótta og skíðagöngu.



Evrópuleikar - Bakú 2015

Fyrstu Evrópuleikarnir voru haldnir í Bakú í Azerbaijan 12. til 28. júní 2015. Evrópusamband ólympíunefnda (EOC) ákvað á aðalfundi sínum í desember árið 2012 að koma leikunum á fót og var mikið starf unnið á stuttum tíma til að gera leikana að veruleika. Gestgjafar í Bakú byggðu stórglæsileg mannvirki fyrir þennan viðburð og mikil uppbygging átti sér stað í borginni í tengslum við leikana. Umgjörð og aðbúnaður leikanna var einkar glæsilegur og fyrstu Evrópuleikarnir glæsileg íþróttahátíð. Með þessum leikum hefur Evrópa eignast sína álfuleika, líkt og aðrar heimsálfur. Keppni á leikunum stóð í 17 daga og var keppt í 20 íþróttagreinum, þar á meðal í greinum sem ekki hefur verið keppt í áður á stórmóti sem þessu eins og 3x3 körfuknattleik, strandfótbolta, karate og sambó. Í 12 greinum var mögulegt að tryggja sér þátttökurétt á Ólympíuleikana í Ríó 2016. Þátttakendur voru um 10.000 þar af ríflega



Halldór Axelsson og Ásgeir Sigurgeirsson að lokinni keppni í Bakú.



Íslenskir þátttakendur við setningarhátíð leikanna í Bakú 2015.

6.000 keppendur. Ísland átti fulltrúa í badminton, bogfimi, fimleikum, júdó, karate, skotíþróttum, skyllmingum, sundi og taekwondo. Íslenskir keppendur voru alls 18 og þátttakendur alls 35. Bestum árangri íslensku kepp-

endanna náði Ásgeir Sigurgeirsson með fríbyssu af 50 metra færi. Ásgeir varð sjöundi inn í úrslit í greininni, í úrslitunum skaut hann sig upp um tvö sæti og endaði í fimmta sæti.



Hluti þátttakenda á Evrópuleikunum í Bakú.



Frá lokahátíð leikanna í Bakú.



Keppendur á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Tbilisi í Georgíu.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar - Tbilisi 2015

13. Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar var haldin í Tbilisi í Georgíu dagana 26. júlí til 1. ágúst 2015. Þátttakendur voru um 3.500 frá 50 þjóðum. Í aðdraganda leikanna dvaldi íslenski hópurinn í tvo daga í Bosön í Svíþjóð við æfingar ásamt finnsku þátttakendum.

Keppendur fyrir Íslands hönd í Tbilisi voru 15 en þátttakendur í heildina 27 talsins. Íslensku keppendurnir kepptu í fimleikum, frjálsíþróttum, sundi og tennis. Bestum árangri íslensku keppendanna náði Þórdís Eva Steinsdóttir sem varð fimmta í úrslitum 400 m. hlaupsins.



Ólympíuleikar ungmenna - Buenos Aires 2018

Þriðju Sumarólympíuleikar ungmenna fara fram í Buenos Aires í Argentínu 6. til 18. október 2018. Á leikunum verður keppt í íþróttagreinum frá 31 alþjóðasársambandi og er reiknað með að 206 þjóðir eigi keppendur að þessu sinni. Keppnisgreinar á leikunum eru 238 og eins

og á fyrri Ólympíuleikum ungmenna eru leikarnir fyrir ungmenni á aldrinum 15 til 18 ára en búast má við að tæplega 3.800 keppendur taki þátt. Ísland hefur á síðustu leikum átt keppendur í sundi og knattspyrnu drengja. Fyrir leikana 2018 hefur Ís-

landi verið úthlutað kvóta fyrir fjóra keppendur, þ.e. pilt og stúlku í golfi, sem keppa sem eitt lið, pilt í áhaldafimleikum og stúlku í frjálsíþróttum. Auk þess er vonast til þess að keppendur í öðrum íþróttagreinum nái að vinna sér inn þátttökurétt, en það mun koma í ljós vorið 2018.



Íslenski hópurinn á Vetrarólympíuhátíðinni 2017.



Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar - Erzurum 2017

13. Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar var haldin í Erzurum í Tyrklandi 11. til 18. febrúar 2017. Ferðalagið á keppnisstað var langt og nokkuð strembið og þurftu þátttakendur að gista nótt í Istanbul á leiðinni heim. Að þessu sinni var hópurinn óvenju stór, alls 14 keppendur og 22 þátttakendur í heildina. Aðstæður voru allar til mikillar fyrir-

myndar, glæsileg mannvirki og stuttar vegalengdir á milli keppnisstaða. Íslensku keppendurnir tóku þátt í alpagreinum skíðaíþróttum, skíðagöngu, listhlaupi á skautum og brettaati. Er það í fyrsta sinn sem íslenskir keppendur eru í snjóbrettagein á Ólympískum viðburði. Íslensku þátttakendurnir stóðu sig vel. Að venju var keppnin mjög sterk



Katla Björg Dagbjartsdóttir var fánaberi hópsins við setningarhátíðina.



Þjálfarateymið á leikunum í Erzurum 2017.

en reynslan sem fæst með þátttöku á móti sem þessu mun nýtast þátttakendum vel og vonandi verða hvatning til frekari dáða.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ var formaður eftirlitsnefndar hátíðarinnar (EOC EYOF



Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ á blaðamannafundi vegna EYOWF 2017 í Erzurum.

Co-commission) en nefndin sá um að fylgja eftir öllum þáttum í undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar. Í ljósi hryðjuverka í Tyrklandi var mikil áhersla lögð á öryggismál í kringum leikana og allt kapp lagt á að aðbúnaður og öryggi allra þátttakanda væri í sem bestu lagi.



Íslenski hópurinn á Vetrarólympíuhátíðinni 2017.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar - Györ 2017

14. Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar verður haldin í Györ í Ungverjalandi dagana 23. til 26. júlí 2017. Að þessu sinni verður íslenski hópurinn óvenju fjölmennur, en handknattleikslandsliði drengja var boðin þátttaka á leikunum. Þátttökuréttinn er hægt að þakka góðum árangri yngri landsliða drengja á síðustu misserum. Auk handknattleiks drengja munu keppendur frá Íslandi taka þátt í sundi, frjálsíþróttum, tennis, júdó og fimleikum.



Smáþjóðaleikar - San Marínó 2017

17. Smáþjóðaleikar Evrópu fara fram í San Marínó dagana 29. maí til 3. júní 2017. Ísland sendir fjölmennan



hóp þátttakenda á leikana og mun eiga keppendur í öllum greinum utan keppni í kúluspili (bowls/boules) sem ekki er stundað hér á landi. Íslenskir keppendur munu taka þátt í blaki og strandblaki, bogfimi, borðtennis, júdó, körfuknattleik, frjálsíþróttum, hjólríðum, skotíþróttum, sundi og tennis. Hugur er í þátttakendum um að fylgja eftir þeim góða árangri sem náðist á síðustu leikum. Flestar keppnisgreinar leikanna fara fram á Serravalle svæðinu, einnig verður keppt í íþróttamiðstöð San Marínó auk tveggja minni mannvirkja. Leikarnir verða þeir fyrstu í þriðju umferð leikanna, en þær átta þjóðir sem stofnuðu leikana hafa hver um sig verið gestgjafar í tvígang. Svartfellingar verða gestgjafar sumarið 2019 og verður það í fyrsta sinn sem þeir halda leikana.

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2019

Dagana 9. til 16. febrúar 2019 fer Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fram í Bosníu og Herzegovínu. Tvær borgir munu hýsa leikana en keppni í þeim sjö íþróttagreinum sem eru

á dagskrá fara fram í Sarajevo og Austur Sarajevo. Þess má geta að Vetrarólympíuleikarnir 1984 fóru einmitt fram á sömu slóðum og verða keppnismannvirki mörg þau sömu.



Íslenski hópurinn fyrir setningarhátíðina.

Smáþjóðaleikar - Ísland 2015

16. Smáþjóðaleikar Evrópu fóru fram á Íslandi dagana 1. til 6. júní 2015. Sem gestgjafar átti Ísland fjölmennan hóp þátttakenda á leikunum og áttu keppendur í öllum þeim 11 íþróttagreinum sem voru á dagskrá. 173 íþróttamenn kepptu fyrir Íslands hönd en að meðtöldum, fararstjórum, flokksstjórum, fagteymi og fulltrúum ÍSÍ voru íslenskir þátttakendur alls 237.

Hlynur Bæringsson körfuknattleiksmaður var fánaberi á setningarhátíðinni og Hrafnhildur Lúthersdóttir sundkona við lokahátíðina.

Meðan á leikunum stóð var aðsetur fyrir íslenska hópinn á 3. hæð Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal. Þar gátu keppendur hvílt sig á milli keppna, fengið sér smá hressingu eða bara hist og spjallað. Jafnframt var boðið upp á aðstöðu til að halda liðsfundi. Reglubundið voru haldnir fundir með flokksstjórum allra greina til að fara

yfir stöðuna. Andinn í íslenska hópnum var mjög góður, líkt og uppskeran. Íslenskir keppendur unnu til 115 verðlauna á leikunum, þ.e. 38 gull, 46 silfur og 31 brons. Sjá má skiptingu verðlauna íslensku keppendanna í meðfylgjandi töflu.

Með framgöngu sinni náði íslenski hópurinn að tryggja sér flest gullverðlaun á leikunum frá upphafi auk þess þar af leiðandi að vera með flest verðlaun í heildina af þátttökupjóðum.



Íþróttagrein:	Gull:	Silfur:	Brons:	Alls:
Sund:	10	13	11	34
Frjálsíþróttir:	15	15	11	41
Fimleikar:	6	8	2	16
Skotíþróttir:	1	4	2	7
Golf:	4	0	2	6
Júdó:	1	3	2	6
Strandblak kvenna:	1	0	0	1
Körfuknattleikur karla:	0	1	0	1
Körfuknattleikur kvenna:	0	1	0	1
Blak karla:	0	1	0	1
Blak kvenna:	0	0	1	1
Borðtennis:	0	0	0	0
Tennis:	0	0	0	0
Strandblak karla:	0	0	0	0
Samtals:	38	46	31	115



Styrkhafar vegna Vetrarólympíuleika 2018 ásamt forseta og framkvæmdastjóra ÍSí.

Ólympíusamhjálpin

ÍSí og íþróttahreyfingin á Íslandi hefur notið styrkja Ólympíusamhjálpinnar á síðustu árum, en hluti sjónvarpstekna frá Ólympíuleikum fer í að styrkja skilgreind verkefni um allan heim og heldur Ólympíusamhjálp

Alþjóðaólympíunefndarinnar (Olympic Solidarity) utan um þá styrki.

Í tengslum við afreksíþróttir eru veittir styrkir til sérsambanda vegna einstaklinga sem eru að reyna að vinna sér inn þátttökurétt á Ólympíuleika og nutu



OLYMPIC SOLIDARITY

átta íþróttamenn styrkja vegna undirbúnings fyrir Sumarólympíuleika 2016 í Ríó auk þess að karlalandslið Íslands í handknattleik naut styrkja Ólympíusamhjálpinnar fyrir sama verkefni fram á vor 2016. Undirbúningur sem og þátttaka sérsambanda í úrtökumótum fyrir Vetrarólympíuleika ungmenna í Lillehammer 2016 var styrkt af Ólympíusamhjálpinni og verkefni ársins 2015 og 2017, þ.e. Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar og Smáþjóðaleikar hafa notið stuðnings.

Þrír skíðamenn hafa notið styrkja frá haustinu 2014 og síðla árs 2016 fjölgaði í þeim hópi, en sjö skíðamenn njóta nú styrkja vegna undirbúnings fyrir Vetrarólympíuleikana í Pyeong-Chang 2018.

Allir styrkir Ólympíusamhjálpinnar eru veittir til sérsambanda sem halda síðan utan um verkefni og kostnað íþróttamanna og hópa.

EOC Seminar

Árlega heldur Evrópusamband ólympíunefnda ráðstefnu eða „EOC Seminar“. Á þessari árlegu ráðstefnu er kynnt staða undirbúnings vegna þeirra ólympísku viðburða sem eru framundan, þær reglur sem gilda hjá Alþjóðaólympíunefndinni (IOC) og Alþjóðalyfjæftirlitsstofnunni (WADA), styrkjakerfi Ólympíusamhjálpinnar (ÓS) og fleira er tengist daglegu starfi Ólympíunefnda Evrópu. Fundurinn fór fram í Tarragona á Spáni árið 2016 og 2015 var fundarstaðurinn í Antalya á Tyrklandi og voru þátttakendur fyrir hönd ÍSí þau Líney R. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSí og Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí.

Vinnustofur á ráðstefnunni 2016 voru tvær sem tengdust annars vegar Ólympíuleikum í Ríó og hins vegar reglum Evrópubandalagsins og þeim verkefnum sem þar eru á dagskrá.



Frá EOC Seminar 2016, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSí og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí.

Allar þjóðir Evrópu senda fulltrúar á þennan viðburð þar sem fjallað er um undirbúning, væntingar og árangur, en gerðar eru kröfur til þess að hver þátttökubjóð sendi þá aðila á viðburðinn sem starfa að þessum málaflokkum, þ.e. framkvæmdastjóra og þann aðila sem heldur utan um ólympísk verkefni og/eða samskipti við Ólympíusamhjálpina og styrkjakerfi hennar.

Í tengslum við ráðstefnuna gefst tækifæri til að funda með tengiliðum þeirra leika sem framundan eru og áttu fulltrúar ÍSí undirbúningsfund með starfsmönnum Ólympíuleikanna í Ríó 2016, þar sem farið var yfir stöðu undirbúnings, skráningar og fleira sem tengist lokaundirbúningi vegna leikanna.

Skýrsla um kostnað vegna afreksstarfs 2015

Á árinu 2015 var settur á fót vinnuhópur til að safna saman upplýsingum og greina þann kostnað sem tilheyrir umhverfi íþróttamanna, sérsambanda, verkefna og liða. Vinnuhópurinn skilaði af sér skýrslu árið 2015, en við gerð hennar voru skoðuð gögn sem til eru í skjalasafni Afrekssjóðs ÍSÍ, ársskýrslur sérsambanda ÍSÍ sem og útgefin gögn frá íþróttasamtökum í löndum sem við berum okkur gjarnan saman við.

Helstu niðurstöður í skýrslunni, og um leið tillögur til framtíðarinnar má segja að séu þær að til að Ísland geti boðið íslensku íþróttafólki sambærilega aðstöðu og þjónustu og tíðkast í kringum okkur er þörf á miklum breytingum. Í skýrslunni er reynt að telja upp margt af því sem er í boði hjá öðrum þjóðum en hafa ber í huga að ekki er alfarið hægt að heimfæra kerfi annarra þjóða yfir á íslenskt umhverfi. Til að átta sig betur á íslenskum þörfum í afreksstarfi var skýrslunni skipt niður í nokkra flokka:

- Daglegt líf íþróttamanna, lýðréttindi og framfærsla.

- Afreksíþróttastarf sérsambanda.
- Grunnstyrkur til sérsambanda vegna landsliðsverkefna.
- Fagteymisþjónusta, afreksíþróttamiðstöð og rannsóknir.
- Ólympísk verkefni og þátttaka Íslands á leikum.

Með þessu var verið að telja til nokkra kostnaðarþætti eða áherslur en jafnframt var talað um að það þyrfti að skoða aðstöðu vegna afreksíþróttar. Ekki væri eingöngu nóg að byggja mannvirki ef að afreksíþróttafólk eða sérsambönd hefðu ekki aðgang að mannvirkjunum fyrir æfingar og keppni.

Í skýrslunni var jafnframt tekið fram að tryggja þurfi að sérsambönd geti leigt eða haft aðgang að aðstöðu fyrir sína hópa og sitt afreksstarf, en hvort það ætti að vera á höndum íþróttahreyfingarinnar, ríkis eða sveitarfélaga að fjármagna slíkt aðgengi var talið efni í aðra umræðu.



Í skýrslunni var talið að til að standa nærri þjóðunum í kringum okkur væri þörf á að veitt væri árlega til afreksstarfs um 650 m.kr. miðað við árið 2015. Þetta væri þannig áætluð fjárþörf til að færa afreksstarf á Íslandi í átt að því sem að gerist í nágrannalöndum okkar. Jafnframt væri þörf á að hægt væri að gera allt að fjögurra ára samning við sérsambönd og færa afreksstarfið inn á nýjar brautir þar sem aðilar gætu séð lengra fram í tímann, nýtt mannskap og hverja krónu enn betur.

Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu ÍSÍ.

Endurskoðun á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ

Í kjölfarið á undirritun samnings mennta- og menningarmálaráðuneytis og ÍSÍ þann 28. júlí 2016 um stóraukið fjárframlag ríkisins til afreksíþróttar á Íslandi var þann 15. september 2016 skipaður vinnuhópur til að gera tillögur til framkvæmdastjórnar ÍSÍ um breytingar á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ.

Í vinnuhópinn voru skipuð þau Stefán Konráðsson formaður Íþróttanefndar ríkisins og fyrrverandi framkvæmdastjóri ÍSÍ, Dr. Þórdís Lilja Gísladóttir íþróttarfræðingur, nýdoktor HÍ og fyrrverandi afrekskona í frjálsíþróttum og Friðrik Einarsson fyrrverandi formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og fyrrverandi formaður Skíðasambands Íslands. Þá var Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, fenginn til að starfa með hópnum.

Í erindisbréfi til vinnuhópsins var fjallað enn frekar um hlutverk sjóðsins, þ.e.

að endurskoða og móta hvernig þetta viðbótarfjármagn yrði best nýtt til þess að bæta umhverfi afreksíþróttar á Íslandi með það að markmiði að efla íþróttalegan árangur Íslands.

Vinnuhópurinn skilaði af sér skýrslu í byrjun mars 2017 sem var kynnt fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ, sambandsaðilum og fjölmiðlum en vinnuhópurinn hafði áður kynnt vinnu sína á Formannafundi ÍSÍ í nóvember 2016.

Um er að ræða ítarlega skýrslu sem gerir grein fyrir þróun Afrekssjóðs ÍSÍ og styrkveitinga og því vinnulagi sem átti sér stað á meðan vinnuhópurinn starfaði, en fjölmargir fundir voru haldnir með sambandsaðilum auk þess sem að leitað var til hóps íslenskra sérfræðinga sem komu með sitt álit. Í skýrslunni leggur vinnuhópurinn til ákveðnar breytingar á starfsemi sjóðsins og má þar helstar nefna að skipta sérsamböndum í þrjá hópa út

